



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



Flóttabörn á Íslandi

Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna

Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa

Ritröð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar

Fjórða hefti

Janúar 2011

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2011

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og höfundar.Öll réttindi áskilin.

ISBN: 978-9935-9026-1-0

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)
Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík
Útgáfuár: 2011

Prentun: Háskólaprent

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
1.1 Móttaka flóttamanna á Íslandi	6
2. Skilgreiningar og hugtök.....	8
2.1 Flóttamenn	8
2.2 Kvótaflóttamenn	8
2.3 Hælisleitendur	9
2. 4 Flóttabörn.....	9
2.5 Aðlögun	12
3. Aðferð og markmið	14
3.1 Aðferð.....	14
3.2. Undirbúningur, þátttakendur og framkvæmd	16
3.3 Siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknarinnar	17
4. Niðurstöður	18
4.1 Nýja landið.....	18
4.2 Skólinn	21
4.3 Fjölskylda og félagsleg þáttaka.....	26
4.4 Framtíðin	31
5. Samantekt og umræður	32
6. Heimildaskrá.....	40
Viðauki 1	44
Viðtalsvísir	44
Viðauki 2.....	49
Bréf til foreldra	49
Viðauki 3.....	50
Upplýst samþykki	50

Útdráttur

Reynsla og viðhorf flóttabarna hefur nánast ekkert verið rannsakað hér á landi. Skýrsla þessi byggist á eigindlegri rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna á Íslandi. Megináhersla rannsóknarinnar var að kanna félagslega stöðu og líðan flóttabarnanna frá þeirra eigin sjónarhorni. Notast var við eigindlegar rannsóknaraðferðir og tekin voru viðtöl við 14 flóttabörn sem komu ásamt fjölskyldum sínum til Íslands á árunum 2001 til 2008. Um var að ræða flóttabörn frá mismunandi ríkjum, á aldrinum 10 til 18 ára sem á komuári voru 8 ára eða eldri. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að aðlögun flóttabarna er margþætt og flókin. Færni í tungumálinu, viðhorf jafnaldra og samfélagsins til uppruna flóttabarna og færni þeirra í íslensku tungumáli eru þættir sem skipta flóttabörn mestu máli í aðlögun að íslensku samfélagi. Þessir þættir hafa áhrif á velgengni þeirra í námi, félagsleg tengsl og upplifun þeirra á möguleikum í framtíðinni. Athygli vekur að flestir þátttakendur sjá ekki fyrir sér framtíð á Íslandi. Flestir líta þó svo á að á Íslandi séu góð tækifæri til menntunar og sjá tök á íslenska tungumálinu og menntun sem lykil að góðum lífsgæðum. Sú hugmynd að flóttabörn séu fljót að aðlagast eða sú hugmynd að þau séu brotnir einstaklingar vegna flóttatengdra áfalla endurspeglast hvorugar í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að nýtast fagfólki sem vinnur með flóttabörnum í skólum og félagasamtökum. Einnig gefa niðurstöður rannsóknarinnar tilefni til frekari rannsókna á vægi samfélagsviðhorfa í mótun aðlögunarreynslu flóttabarna og annarra innflytjendabarna.

Lykilorð: Flóttabörn, aðlögun, viðhorf, reynsla.

1. Inngangur

Hér verður fjallað um eiginlega rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna á Íslandi. Megináhersla rannsóknarinnar er að kanna félagslega stöðu og líðan flóttabarnanna frá þeirra eigin sjónarhorni. Hér eru flóttabörn skilgreind sem börn sem eru 18 ára eða yngri og hafa hlotið stöðu flóttamanns samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Rannsóknin beinist að flóttabörnum sem komu ásamt fjölskyldum sínum til Íslands sem flóttamenn í boði íslensku ríkisstjórnarinnar á árunum 2001 til 2008. Um er að ræða flóttabörn frá mismunandi ríkjum, á aldrinum 10 til 18 ára sem á komuári voru 8 ára eða eldri. Börnin settust ásamt fjölskyldum sínum að í mismunandi sveitarfélögum og nutu sem flóttamenn þjónustu sveitarfélaganna og Rauða krossins í eitt ár samkvæmt viðmiðunarreglum um móttöku flóttamanna og samningi sem móttökusveitarfélagið gerði við Félags- og tryggingarmálaráðuneytið.

Hér á landi hafa verið gerðar rannsóknir á börnum af erlendum uppruna og börnum innflytjenda en engar þeirra hafa beinst sérstaklega að flóttabörnum ef frá er talin þátttaka níu flóttabarna á aldrinum 13-18 ára í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á reynslu og viðhorfum flóttamanna sem gerð var árið 2005 fyrir flóttamannaráð Íslands (Kristín Erla Harðardóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2005.) Ef litið er til erlendra rannsókna á flóttabörnum þá hafa flestar rannsóknir lagt áherslu á flóttabörn sem hafa stöðu hælisleitenda og sækjast eftir stöðu flóttamanns. Mun færri rannsóknir hafa beinst að börnum sem hafa hlotið stöðu flóttamanns samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í þessari skýrslu verður eingöngu fjallað um þau flóttabörn sem hafa hlotið stöðu flóttamanns samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Markmiðið þessarar rannsóknar er að fá innsýn í líðan og félagslega stöðu flóttabarna á Íslandi. Tilgangurinn er að fá fram þeirra eigin viðhorf og reynslu. Rannsóknin leitast við að auka þekkingu á þörfum flóttabarna í aðlögun að íslensku samfélagi og mun hún nýtast þeim sem starfa með flóttabörnum og börnum innflytjenda hér á landi. Ábyrgðaraðili rannsóknarinnar er Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Guðbjörg Ottósdóttir stýrði rannsókninni og vann rannsóknina í samstarfi við Helenu N. Wolimbwa. Rannsóknin hlaut tvenna styrki frá Barnavinafélaginu Sumargjöf. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd veitti stuðning við gagnaúrvinnslu í formi afritunar viðtala og frágang

handrits. Aðstoð veittu starfsfólk Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hliða. Akureyrarbær, Reykjanesbær og Akraness, höfðu milligöngu í að hafa samband við foreldrana áður en við sendum foreldrunum bréf. Þessum aðilum og öðrum sem komu að rannsókninni eru færðar bestu þakkir.

1.1 Móttaka flóttamanna á Íslandi

Ísland hefur verið aðili að Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1956 og er Rauði kross Íslands fulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna hér á landi. Íslensk stjórnvöld tóku í fyrsta skipti á móti flóttamönnum árið 1956, þegar tekið var á móti 52 flóttamönnum frá Ungverjalandi sem höfðu sætt ofsóknum í heimalandi sínu vegna stjórnámálaskoðanna sinna. Ísland hefur alls tekið á móti 510 flóttamönnum á tímabilinu 1956 til 2008 (tafla 1) og í þessum hópi eru fjölmörg börn undir 18 ára aldri. Samtals eru þetta flóttamenn frá átta ríkjum (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, e.d.a).

Ákvörðun um fjölda flóttamanna hverju sinni er í höndum stjórnvalda að fenginni tillögu Flóttamannanefndar Íslands. Flóttamannaráð Íslands var stofnað árið 1995 og hét síðar flóttamannanefnd. Flóttamannanefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til ríkisstjórnar Íslands um stefnu og skipulag á móttöku flóttamanna og hefur jafnframt umsjón með allri framkvæmd á móttöku flóttamanna. Nefndin er skipuð til fimm ára í senn. Ríkisstjórn Íslands ákveður í samráði við flóttamannanefnd og innflytjendaráð hvaða hópi af flóttamönnum skal tekið á móti hverju sinni og þá í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, e.d.a). Fram til ársins 1996 hafði Rauði kross Íslands alfarið umsjá með móttöku flóttamanna og allri þjónustu við flóttamenn. Frá árinu 1996 hefur móttaka flóttamanna verið samstarfsverkefni Félags- og tryggingamálaráðuneytis, Utanríkisráðuneytis, Dóms- og kirkjumálaráðuneytis og Rauða kross Íslands. Félags- og tryggingamálaráðuneytið gerir samkomulag hverju sinni við tiltekið móttökusveitarfélag um að veita þjónustu og aðstoð til flóttamanna í eitt ár og tekur þjónustan mið af viðmiðunareglum flóttamannanefndar (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, e.d.a). Alls hafa 11 sveitarfélög komið að þessu samstarfi síðan 1996 og hafa þau veitt flóttafólkinu móttökuaðstoð sem ætlað er að stuðla að aðlögun flóttamanna að íslensku samfélagi. Að þjónustunni hafa komið ýmsir aðilar sem starfa á vegum sveitarfélaga, m.a. félagsráðgjafar hjá félagsþjónustum sveitarfélaga, kennarar og

annað starfsfólk skóla og leikskóla sveitarfélaganna ásamt starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum og sjálfboðaliðum Rauða krossins.

Tafla 1 – Fjöldi flóttafólks sem Ísland hefur tekið á móti frá 1956

Komuár	Móttökusveitarfélag	Upprunaland	Fjöldi
1956		Ungverjaland	52
1959		Fyrrum Júgóslavía	32
1979		Víetnam	34
1982		Pólland	26
1990		Víetnam	30
1991		Víetnam	30
1996	Ísafjörður	Króatía	30
1997	Hornafjörður	Króatía	17
1998	Blönduós	Króatía	23
1999	Hafnarfjörður, Fjarðarbyggð, Dalvík	Serbía og Svartfjallaland (Kosovo)	75
2000	Siglufjörður	Króatía	24
2001	Reykjanesbær	Króatía	23
2003	Akureyri	Króatía	24
2005	Reykjavík	Serbía og Svartfjallaland (Kosovo)	7
2005	Reykjavík	Kólumbía	24
2007	Reykjavík	Kólumbía	30
2008	Akranes	Írak	29
Samtals			510

(Félagsmálaráðuneytið. e.d.a)

Í töflu 1 er tilgreindur fjöldi flóttamanna sem hefur verið boðið að setjast að á Íslandi frá árinu 1956, upprunaland og móttökusveitarfélag, skipt eftir árum.

2. Skilgreiningar og hugtök

2.1 Flóttamenn

Fólk sem flýr frá einu landi til annars til þess að forðast hættu eða ofsóknir er flóttafólk (Merriam-Webster OnLine, e.d). Flóttamenn (e. refugees) hafa verið skilgreindir bæði út frá félagslegu sjónarhorni, þ.e. fólk sem hefur neyðst til að flýja heimaland sitt vegna hættu og ofsókna, og einnig út frá lagalegu sjónarhorni, þ.e. þeir flóttamenn sem hlotið hafa skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna telst sá flóttamaður „sem er utan við heimaland sitt og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum, eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands“ (Mannréttindaskrifstofa Íslands e.d.a). Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna á flóttafólk skilið vernd í öðru ríki vegna ótta við að verða fyrir (eða hafa orðið fyrir) ofsóknum í heimaríki sínu og ef þeirra eigin ríkisstjórn annaðhvort getur ekki eða vill ekki veita því vernd fyrir ofsóknunum. Til þess að falla undir þessa skilgreininguna flóttamanns þarf viðkomandi að vera staddur utan þess lands sem hann flýði og sá sem talinn er uppfylla þessi skilyrði á rétt á að fá stöðu flóttamanns ef viðkomandi ríki er aðili að Flóttamannasamningnum (Rauði kross Íslands, e.d.a).

Í lok ársins 2009 voru 43,3 milljónir jarðarbúaá flótta. Alls töldust 15,2 milljónir þeirra til flóttamanna samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, 983.000 voru hælisleitendur og 27,1 milljón voru einstaklingar á flótta innan eigin ríkis. Meirihluti fólks á flótta í heiminum í dag eru konur og börn. Af þeim 34,4 milljónum einstaklinga sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sinnir í dag er um helmingur konur og börn undir 18 ára aldri (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, e.d.a).

2.2 Kvótaflóttamenn

Kvótaflóttamenn (e. quota refugees) eru flóttamenn sem hafa fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamenn og hefur verið boðin landvist í öðru ríki sem hluti af ákveðnum hópi flóttamanna. Hópurinn er ákveðinn af ríkinu í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Mörg ríki eru með fastan kvóta flóttamanna sem þau taka á móti á hverju ári eða með reglulegu millibili. Íslenska ríkið hefur reglulega boðið flóttamönnum landvist á Íslandi í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (Mannréttindaskrifstofa Íslands e.d.a)

2.3 Hælisleitendur

Hælisleitendur (e. asylum seekers) eru þeir sem koma til ríkis á eigin vegum og sækja formlega um hæli af mannúðar- eða pólitískum ástæðum og leitast við að fá stöðu sína viðurkennda sem flóttamenn (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.a). Í alþjóðlegum samningum er hugtakið hæli ekki skilgreint, en það er þó orðið ákveðið samheiti yfir þá vernd sem ríki veita flóttamönnum á sínu landsvæði. Mögulegt er að skilgreina hæli í sinni einföldustu mynd sem grundvallarvernd sem felur meðal annars í sér að ekki sé mögulegt að endursenda hælisleitendur til þess ríkis sem þeir flúðu frá þar sem líf þeirra og frelsi er í hættu (Jastram og Ashiron, 2001).

2.4 Flóttabörn

U.þ.b. helmingur þess flóttafólks sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sinnir í dag eru flóttabörn (e. refugee children), þ.e. börn undir 18 ára aldri (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, e.d.b). Í þessum hópi eru bæði börn sem hafa fengið stöðu flóttamanns samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, börn sem eru hælisleitendur, börn sem eru án ríkisfangs, börn sem hafa snúið til heimalands eftir að hafa verið flóttamenn samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og börn sem er á flótta innan eigin ríkis. Sum þessara barna eru forsjárlaus (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, e.d.b). Það er því fjöldi barna í heiminum sem fellur undir félagslega skilgreiningu á flóttamanni. Flest flóttabörn hafa tilhneigingu til að leita hælis í fátækum ríkjum þar sem fæst þeirra hafa efnahagsleg tök á því að leita til ríkari landa (Watters, 2008). Fæst barna á flótta í heiminum hljóta skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem flóttamenn. Stór hluti barna á flótta eru hælisleitendabörn sem oft enda þó á því að fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Sum barnanna eru í fylgd með fullorðnum en önnur ekki (Watters, 2008).

Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á flóttabörnum hafa flestar snúið að hælisleitendabörnum. Þar hefur áherslan oftast en ekki verið á að skoða reynslu barnanna af flóttaferlinu og hvaða áhrif áföll tengd slíkri reynslu hafa á líðan þeirra og aðlögun að nýju samfélagi. Þetta hefur einnig verið raunin í þeim rannsóknum sem snúa að flóttabörnum sem hlotið hafa skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Flóttabörn eiga það sameiginlegt með hælisleitendabörnum að hafa neyðst til að flýja heimaland sitt vegna ofsókna eða annarra hamfara. Börnin hafa orðið fyrir miklum áföllum og ekki er óalgengt að

flóttabörn þjáist af áfallastreitu (Fantino og Colak, 2001; Wiese og Burhorst, 2007). Flóttabörn eru í þeirri stöðu að þurfa að takast á við fjölmargar áskoranir í aðlögunarferlinu. Ásamt því að þurfa að aðlagast nýju samfélagi og menningu, tungumáli og nýjum hlutverkum á heimilinu og í skóla, eru þau að takast á við áföll tengd flóttanum, söknuð heimalands og ættingja og erfiðleika tengda aldurs- og þroskaskeiði. Magn streituvaldandi þátta í lífi flóttabarna getur haft neikvæð áhrif á líðan þeirra og aðlögun að nýju samfélagi og því er ekki óeðlilegt að rannsóknir hafi lagt áherslu á að skoða þennan þátt í aðlögun flóttabarna (Rutter, 2003).

Réttindi flóttabarna í nýja samfélaginu eru alla jafna þau sömu og réttindi annarra barna. Í öllum tilvikum njóta flóttabörn velferðar og heilbrigðisþjónustu í ákveðinn tíma eftir að þau koma til landsins þótt misjafnt sé eftir ríkjum í hve langan tíma flóttabörnum er veitt slík aðstoð. Staða hælisleitendabarna er önnur. Þau búa við talsvert óöryggi, njóta engra lagalegra réttinda og horfa fram á að þurfa hugsanlega að yfirgefa landið sem þau leitast eftir hæli í (Watters, 2008).

Þessi rannsókn fjallar eingöngu um þau flóttabörn sem hafa komið hingað sem flóttamenn samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu jóðanna. Sem flóttamenn njóta flóttabörnin, ásamt fjölskyldum sínum, samningsbundna aðstoð í eitt ár sem miðast við að auðvelda þeim aðlögun að samfélaginu. Aðstoðin felst m.a. í íslenskukennslu, félagslegri ráðgjöf, sálfræðiþjónustu, stuðningsfjölskyldum á vegum Rauða kross Íslands og heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. tannlæknisþjónustu, ásamt því að foreldrar eru aðstoðaðir við atvinnuleit (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, e.d.a).

Að mati Jill Rutter (2003) er hætta á að umfjöllun rannsókna á áhrifum áfalla á aðlögun flóttabarna verði til þess að skapa staðalímynd af flóttabörnum sem börn sem þjökkuð eru af vanlíðan og streitu. Rutter (2003) hefur í þessu samhengi skoðað reynslu flóttabarna í Bretlandi af skólakerfinu og komist að þeirri niðurstöðu að slakur námsárangur barnanna tengist m.a. þeirri stefnu stjórnvalda að einblína um of á þátt áfalla í líðan flóttabarna. Rutter telur að skólakerfið þurfi að horfa til fleiri þátta í lífi flóttabarna við mat á þörfum á námslegri og félagslegri aðstoð, þ.m.t. hvernig lífi þau lifðu í heimalandinu, hver sé fjölskyldu- og samfélagsgerðin í heimalandinu og hvernig þau upplifa aðlögun að nýju samfélagi. Að mati Rutter er sú stefna sem tekin hefur verið í Bretlandi í skólamálum flóttabarna tilkomin vegna einhæfrar áherslu í rannsóknum, þ.e. áherslu á þau áföll sem

flóttabörn verða fyrir í stað þess að skoða hvaða þættir í aðlögun að skóla skiptir börnin sjálf máli (Rutter, 2003).

Annar fræðimaður, Charles Watters (2008) hefur einnig gagnrýnt slíka áherslu en hann hefur m.a. skoðað tengslin á milli þeirrar lagalegu og félagslegu móttöku sem flóttabörn fá í vestrænum ríkjum og samfélagslegra hugmynda um flóttabörn. Watters skoðaði laga- og velferðarstofnanir nokkurra vestrænna ríkja með það að markmiði að kanna þá hugmyndafræði sem liggur að baki reglum um flóttabörn og þeirri þjónustu sem stofnanirnar veita. Niðurstaða Watters var sú að viðhorf til flóttabarna eru mótsagnakennd; annars vegar ríkja þau viðhorf að flóttabörn séu ekki traustverðug og að það beri að efast um forsendur flóttans, og hins vegar ríkir það viðhorf að flóttabörn séu andlega brothættir einstaklingar sem hafa þörf fyrir sálrænan og félagslegan stuðning (Watters, 2008). Að mati Watters er bein tenging á milli slíkra viðhorfa til flóttabarna og viðbragða við flóttabörnum og þjónustu þeim til handa (Watters, 2008). Þjónustan byggi á klínískum nálgunum, þ.e. sér hönnuðum úrræðum sem miðast að því að aðstoða flóttabörn við að takast á við andlega vanlíðan fremur en að koma til móts við þarfir flóttabarna sem miðast að því að þau fái tækifæri til þess að taka jafnan þátt í því samfélagi sem þau hafa flust til í þeim tilgangi að geta byggt upp nýtt líf (Watters, 2008).

Ef litið er til rannsókna á sviði áfalla barna þá hafa margar slíkar sýnt fram á styrk og þol barna í að vinna úr áföllum (Errante, 1997). Börn bregðast þó við á mismunandi hátt við áföllum og er það bæði einstaklingsbundið ásamt því að vera háð aldri og þroska (Errante, 1997; Laursen, 2001). Stuðningur í nánasta umhverfi, t.d. frá fjölskyldu skiptir miklu máli í þessu samhengi (Laursen, 2002; Svendsen, 2001). Sálræn viðbrögð barna við áföllum mótast mikið til af því hvernig foreldrar þeirra bregðast við og hvort börn eigi auðvelt með að leita til forelda sinna með líðan sína eða ekki. Umhverfisþættir gegna einnig mikilvægu hlutverki. Aukin áhersla hefur verið á undanförunum árum á umhverfisþætti í líðan og heilsu einstaklinga. Þannig skiptir hið félagslega umhverfi og þær þjargir sem börn og fullorðnir hafa úr að ráða í sínu daglega lífi máli þegar kemur að því hvernig þau takast á við áföll eða sjúkdóma (Erla, S. Jónsdóttir, 2008). Rannsóknir á heilsu og líðan flóttabarna hafa m.a. bent á mikilvægi skólaumhverfisins í þessu samhengi (Björnberg, 2008; Svendsen, 2001). Félagsglegur stuðningur og jákvætt umhverfi í skóla er ekki síst mikilvægur þáttur þegar um flóttabörn er að ræða enda eru aðstæður fjölskyldunnar oft erfiðar og foreldrar sjálfir að takast á við sálræn áföll ásamt aðlögun að nýju samfélagi (Svendsen, 2001).

Nýleg rannsókn í Ástralíu sem miðaðist að því að öðlast skilning á því hvaða þættir í daglegu lífi virkuðu best fyrir flóttabörn sem voru að takast á við erfiða líðan tengda áföllum og aðlögunarstreitu sýndi fram á að félagsleg þátttaka og myndun vinatengsla skipti þau mestu máli (Hallahan og Irizarry, 2008). Almenn félagsleg úrræði og möguleikar á félagslegri þátttöku til jafns við önnur börn í skólanum hentaði börnunum betur en sérúrræði miðuð að því að taka á sálrænum áföllum og líðan með klínískum áherslum (Hallahan og Irizarry, 2008). Mikilvægi skólaumhverfisins í lífi flóttabarna hefur verið sýnt fram á í öðrum rannsóknum, þ.á m. kanadísk rannsókn þar sem fram kom að flóttabörn mátu félagslegt net og stuðning frá umhverfinu sem einna mikilvægasta þáttinn í því hvernig þeim tókst að takast á við daglega líðan (Fantino og Colak, 2001). Tengsl voru á milli þess hvernig börnin upplifðu viðhorf annarra barna í skólanum til sín og hvernig þeim leið dags daglega.

Aðlögun að nýju samfélagi felur í sér fjölmarga þætti fyrir flóttabörn og skólaumhverfið er ekki síst mikilvægur þáttur. Flóttabörn eyða mestum hluta síns daglega lífs í skólanum og skólinn er sá staður þar sem þau mynda helst félagsleg tengsl og þar sem mótun sjálfsmýndar þeirra fer fram að miklu leyti. Þáttur skólans í aðlögunarferli flóttabarna er því stór og mikilvægt að skólinn sé staður þar sem flóttabörnum líði vel og njóti virðingar til jafns við önnur börn.

2.5 Aðlögun

Hugtakið *aðlögun* (e. adaptation) er yfirleitt notað yfir það ferli sem á sér stað þegar innflytjandi sem einstaklingur eða sem hópur tekst á við stöðugar breytingar í lífi sínu í nýja samfélaginu og er þetta hugtak einskonar yfirhugtak um aðkomu aðfluttra í nýju samfélagi. Mismunandi þættir hafa áhrif á það hvernig tekst til með aðlögun innflytjenda og flóttamanna. Gjarnan er talað um innflytjendur sem einstaklinga sem fæddir eru erlendis, báðir foreldrar eru fæddir erlendis og hafa alfarið erlendan bakgrunn (Hagstofa Íslands, 2010). Innflytjendur hafa flust til nýs samfélags af sjálfsdáðum, t.d. vegna efnahagslegra ástæðna á meðan flóttamenn og hælisleitendur hafa neyðst til að flýja eigið land vegna stríðs og/eða pólitískra skoðanna. Aðlögun að nýju samfélagi veltur m.a. á forsendum flutningsins og einnig á viðhorfum samfélagsins til hinna nýju einstaklinga. Forsendur flutningsins hafa t.a.m. áhrif á viðhorf einstaklingsins til þess að aðlagast nýju samfélagi. Sumir innflytjendur flytjast tímabundið vegna tímabundinna starfa í öðru landi, aðrir til þess að flytjast varanlegum búferlum og flóttamenn og hælisleitendur hafa neyðst til að flýja heimaland sitt.

Samfélög sem styðja fjölmenningu eru yfirleitt opnari fyrir því að taka á móti innflytjendum og styðja betur við aðlögun innflytjenda en önnur samfélög (Berry, 2005).

Berry (2005) hefur sett fram fjögur mismunandi hugtök sem tengjast aðlögun innflytjenda, þ.e. *samlögun*, *sambætting/gagnkvæm aðlögun*, *aðskilnaður* og *einangrun*. *Samlögun* (e. assimilation) á sér stað þegar innflytjendur segja skilið við menningu og tungumál heimalands síns og taka upp menningu og tungumál meirihlutans í nýja landinu. Innflytjendur sem hópur falla þá inn í stærri hóp samfélagsins og öðlast menningarlega færni í samfélagi meirihlutans. Viðkomandi lærir nýtt tungumál og viðheldur ekki eigin móðurmáli (Berger, 2004; Félagsmálaráðuneytið, 2005). Hugtakið *sambætting/gagnkvæm aðlögun* (e. integration) felur í sér að innflytjendur reyni að tileinka sér menningu nýja landsins, en leggja einnig áherslu á að viðhalda eigin menningu og tungumáli (Berger, 2004). Þess konar aðlögun á sér einkum stað í menningarsamfélagi sem einkennist af virðingu fyrir fjölmenningu og þar sem stjórnvöld hafa mótað sér stefnu í aðlögun innflytjenda sem byggist á virðingu fyrir séreinkennum þjóðarhópa. En þar sem að ólíkar aðstæður geta verið í mismunandi menningarheimum þurfa einstaklingar oft að öðlast færni í þeim báðum. Rannsókn Unnar Dísar Skaptadóttur (2003)^a um innflytjendur hér á landi og möguleika þeirra á að móta nýtt líf í nýju landi leiddi t.a.m í ljós að þátttaka í íslensku samfélagi hafði ekki í för með sér minni tengsl við heimaland. Þvert á móti þá héldu þátttakendur áfram tengslum við fólkið sitt í heimalandinu og voru því í raun þátttakendur í tveimur samfélögum í einu. Fjölmenningarlegt samfélag felur því ekki einungis í sér að einstaklingar fái tækifæri til að rækta eigin menningu, heldur einnig að íbúar samfélagsins kynnist menningararfi annarra hópa sem búa í samfélaginu til að auka gagnkvæman skilning og draga úr fordómum (Unnur Dís Skaptadóttur (2003)^b.

Þriðja hugtakið sem Berry (2005) fjallar um er *aðskilnaður* (e. separation). Hugtakið vísar til þess þegar innflytjendur aðlagast ekki að nýju samfélagi. Það getur meðal annars sýnt sig í að hópar innflytjenda einangra sig frá samfélaginu og afmarka sig á sérstökum svæðum þrátt fyrir að lúta meirihluta samfélagsins. „Útlendingagettó“ er hugtak sem oft er notað yfir slík svæði. Fjórhða hugtakið sem Berry (2005) telur til er *einangrun* (e. isolation) og felur það í sér að engin tengsl myndast á milli innflytjandans og nýju menningarinnar. Einnig missir innflytjandinn tengsl við heimaland sitt og menningu (Félags-og tryggingamálaráðuneytið, 2005). Þessi tegund aðlögunar er fátíð.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á hvernig aðlögun flóttabarna tekst til. Flóttabörn takast á við fjölmarga þætti í aðlögun að nýju samfélagi í hinu daglegu lífi, þ.á m. áföll tengd flóttuferlinu, söknuð ættingja og heimalands, nýtt tungumál, nýja vini og breytingar á hlutverkum innan og utan fjölskyldu. Stundum eiga sér stað breytingar innan fjölskyldu á kynjabundum hlutverkum t.d. þegar mæður fara í fyrsta skipti að vinna utan heimilis og/eða þegar börn taka á sig aukna ábyrgð gagnvart foreldrum sínum. Flóttabörn eru oft líkleg til þess að gegna töluverðu ábyrgðarhlutverki innan fjölskyldunnar sem milligönguaðilar og túlkar á milli foreldra sinna og samfélagsins. Þau eru oft fljótari að læra tungumálið og fara því oft í nýtt hlutverk innan fjölskyldunnar og verða stoð foreldra sinna í aðlögun þeirra að samfélaginu (Fantino og Colak, 2001; Skytte, 2005). Við bætist síðan sú áskorun að takast á við aldurs- og þroskaskeið sem börn og unglingar. Samkvæmt kenningum um æviskeiðið þá er þroski og sjálfsmynd einstaklingsins í mótun allt æviskeiðið (Berk, 2004). Flóttabörn takast á við endurmótun sjálfsmyndar við flutning til nýs lands og getur mótun sjálfsmyndar í nýju samfélagi reynst flóttabörnum erfið. Æviskeiðskenningar leggja áherslu á þátt umhverfisins í mótun sjálfsmyndar einstaklinga. Því skiptir máli fyrir flóttabörn að ytri skilyrði séu jákvæð og uppbyggjandi og að börnin hafi möguleika á því að þróa með sér sjálfsmynd sem einkennist bæði af etniskum bakgrunni þeirra og sjálfsmynd sem byggist á því að finnast þau vera hluti af því samfélagi sem þau hafa flust til (Furoto, 2004). Þar skiptir ekki síst máli að möguleikar séu til staðar fyrir flóttabörn að öðlast færni í nýja tungumálinu ásamt því að viðhalda færni í móðurmáli.

3. Aðferð og markmið

Við framkvæmd þessarar rannsóknar var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir, en tekin voru viðtöl við fjórtán flóttabörn á aldrinum 10 til 18 ára. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir aðferðarfræði rannsóknarinnar, undirbúningi, þátttakendum og framkvæmd rannsóknarinnar, siðferðilegum álitamálum og takmörkunum rannsóknarinnar.

3.1 Aðferð

Eigindlegar rannsóknaraðferðir fela meðal annars í sér að fá upplýsingar um persónulega reynslu einstaklinga og nýtast vel í rannsóknum sem beinast að því að skilja hvaða merkingu einstaklingar leggja í líf sitt og aðstæður (Yeigidis og Weinbach, 2009; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Þar sem markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á reynslu þátttakendanna urðu eigindlegar rannsóknaraðferðir fyrir valinu. Viðtöl eru algeng leið til að safna gögnum

þegar eigindlegum aðferðum er beitt. Styrkleikar eigindlegra viðtala í rannsóknum á börnum felast í því að leyfa röddum barnanna sjálfra að heyrast. Þannig má öðlast skilning á reynslu barnanna út frá sjónarhorni þeirra sjálfra. Börn tjá sig á annan hátt en fullorðnir og eiga erfiðara með að greina eigin líðan og tilfinningar vegna þroska. Einnig er mismunandi eftir aldurs skeiðum barna hvaða skilning þau leggja í spurningar sem lagðar eru fyrir þau. Eigindleg viðtöl henta því vel í rannsóknum á börnum þar sem rætt er beint við börnin og rannsakendum þannig gefinn kostur á að fylgja eftir svörum barnanna og fá nánari útskýringar sé þess þörf. Einnig gefst börnum kostur á að fá nánari útskýringar á því sem spurt er um.

Takmarkanir notkunar viðtala í rannsóknum á börnum eru helst sú staðreynd að rannsakendur eru viðstaddir þegar börnin svara. Rannsakendur leggja spurningarnar beint fyrir börnin og það getur haft áhrif á svör þeirra. Vera má að svör barnanna einkennist af því sem þau telja að sé æskilegt eða rétt, eða veiti með öðrum orðum svör sem þau telja að rannsakandinn óski eftir að fá (Yeigidis og Weinbach, 2009). Annar veikleiki eigindlegra rannsóknaraðferða er sá að ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum viðtalanna. Með spurningunni um alhæfingargildi rannsóknar (e. generalizability) er átt við það hvort hægt sé að heimfæra niðurstöður hennar yfir á annan hóp en þann sem tók þátt í rannsókninni. Þeir sem nota eigindlegar aðferðir hafa það þó yfirleitt ekki að markmiði að gefa mynd af skoðunum fjölmargra einstaklinga og alhæfa þær niðurstöður yfir á stærri hóp (Hall og Hall, 2004).

Notast var við viðtalsvísi en viðtölin voru hálfstöðluð þar sem rannsakendur voru með ákveðnar spurningar í huga. Leitast var við að orða spurningarnar í takt við aldur og þroska viðmælenda og leyfa viðmælendum að tjá skoðanir sínar og hugmyndir með eigin orðum. Rannsakendur hófu viðtölin með einföldum spurningum en leyfðu síðan svörum viðmælendanna að móta uppbyggingu viðtalsins þótt leitast væri við að fá svör viðmælendanna við þeim atriðum sem voru á viðtalsvísinum. Rannsakendur beittu virkri hlustun og fylgdu svörum viðmælendanna eftir með frekari spurningum. Áhersla var lögð á að viðtalið líktist sem mest venjulegu samtali, þótt spurt væri um ákveðin atriði og notast við viðtalsramma (Esterberg, 2002).

Markmiðið með því að hafa viðtalsvísi var að mæta þeim tilgangi rannsóknarinnar að fá innsýn í viðhorf og reynslu flóttabarna á Íslandi til félagslegrar stöðu og líðan í hinu daglega lífi. Viðtalsvísirinn spannaði þannig nokkur svið sem heyra til hins daglega lífs, s.s.

eins og fjölskyldulífs og skólaumhverfis. Reynt var að hafa viðtölin óformleg og viðtalsvísirinn var hafður til hliðsjónar. Leitast var við að fá fram viðhorf viðmælendanna um það sem spurt var um, þ.e. frá þeirra eigin sjónarhorni. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar.

3.2. Undirbúningur, þátttakendur og framkvæmd

Við framkvæmd rannsóknarinnar voru þátttakendur valdir með markvissu úrtaki (e. purposive sampling). Markvisst úrtak felur í sér að þátttakendur eru valdir vegna þess að þeir eru taldir geta gefið rannsakandanum upplýsingar um ákveðnar aðstæður eða vandamál, eða veitt upplýsingar um reynslu eða aðstæður sem rannsakandi telur sig þurfa að öðlast dýpri skilning á (Yeigidis og Weinbach, 2009). Úrtakið er í raun valið með tilliti til þess sem verið er að rannsaka og hvaða einstaklingar geta veitt bestu upplýsingar um viðfangsefni hennar (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003). Reynt var að hafa breiða aldurs- og kynjasamsetningu ásamt því að fá börn af ólíkum uppruna.

Við framkvæmd rannsóknarinnar var úrtak þátttakenda valið í samvinnu við starfsmenn fjögurra sveitarfélaga sem höfðu á sínum tíma sinnt móttökuaðstoð við flóttamenn í þessum sveitarfélögum. Starfsmenn sveitarfélaganna höfðu samband við foreldra valdra þátttakenda og fengu leyfi til þess að senda þeim kynningarbréf. Kynningarbréfin voru bæði á íslensku og á móðurmáli viðkomandi fjölskyldu (sjá fylgiskjal 2). Að nokkrum dögum liðnum höfðu starfsmennirnir samband við foreldrana með aðstoð tólks á þeirra móðurmáli og könnuðu hvort áhugi væri á því að barn þeirra tæki þátt í rannsókninni. Foreldrum var í þessu símtali gefinn kostur á að spyrja spurninga um rannsóknina. Allir foreldrar valdra þátttakenda samþykktu þátttöku barna sinna. Í tveimur tilvikum samþykktu börnin ekki þátttöku þrátt fyrir leyfi foreldra sinna og því voru valdir tveir aðrir þátttakendur. Niðurstaðan var sú að þátttakendur voru 14 talsins, þar af 6 drengir og 8 stúlkur á aldrinum 10 til 18 ára, frá fjórum mismunandi upprunalöndum. Öllum þátttakendum var boðin aðstoð tólks í viðtölunum og þáðu það 9 þátttakendur. Í upphafi viðtalanna var rannsóknin kynnt fyrir foreldrum og þátttakendum og þeim gefinn kostur á að spyrja spurninga um rannsóknina ásamt því sem farið var ítarlega yfir upplýst samþykki. Einnig var útskýrt hvað fælist í því að gæta fyllsta trúnaðar í viðtalinu. Þátttakendum var kynnt í upphafi viðtalsins að þeir þyrftu ekki að svara þeim spurningum sem þeir treystu sér ekki til og gætu einnig hætt þátttöku í miðju viðtalinu ef þeim liði ekki vel. Foreldrar skrifuðu undir upplýst samþykki á móðurmáli sínu áður en viðtalið fór fram (sjá fylgiskjal 3).

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í febrúar 2010. Rannsóknin var framkvæmd vor og sumar 2010 og lauk haustið 2010. Gagnasöfnun fór fram með opnum viðtölum við hvert barn og var lengd viðtals venjulega um það bil ein klukkustund. Viðmælendur höfðu val um hvar viðtalið færi fram. Leitast var við að hafa viðtalið á stað sem hentaði þörfum barnanna. Öll viðtölin fóru fram á heimili viðmælenda og þá í ágætu næði, oftast í herbergi barnsins. Foreldri var ekki viðstatt í viðtalinu sjálfu en var þó statt á heimilinu á meðan viðtalinu stóð. Viðtölin voru öll tekin upp, nema í einu tilviki, þar sem viðmælandi óskaði eftir því að rannsakandi myndi skrifa hjá sér það helsta úr viðtalinu í stað þess að taka það upp. Viðtölin voru afrituð orðrétt. Greiningarferlið var unnið á þá leið að viðtölin voru prentuð út og lásu rannsakendur þau yfir í nokkur skipti til að greina sameiginlega þætti sem komu fram hjá viðmælendum. Í greiningarferlinu voru flokkuð saman þau atriði sem viðmælendur áttu sameiginleg. Viðhorf og reynsla viðmælendanna sneru helst að skólanum, félagstengslum, líðan og hvernig þau sáu fyrir sér framtíðina. Dregin voru fram fjögur meginþemu: Nýja landið, skólinn, fjölskylda og félagsleg þátttaka og framtíðin.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða notaðar til að auka þekkingu á þörfum flóttabarna í aðlögun að íslensku samfélagi. Ekki er hægt að alhæfa út frá þessari rannsókn þar sem um er að ræða eigindlega rannsókn en niðurstöður rannsóknarinnar geta gefið innsýn í aðstæður flóttabarna og lagt grundvöll að frekari rannsóknum í málefnum flóttabarna.

3.3 Siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknarinnar

Það eru ýmis siðferðileg álitamál sem huga þarf að við framkvæmd eigindlegrar rannsóknar. Rannsakendum ber siðferðileg skylda til að vernda og gæta velferðar og hagsmuna þátttakenda (Yeigdis og Weinbach, 2009). Í þessari rannsókn er um að ræða þátttakendur undir sjálfræðisaldri. Misjafnar skoðanir eru á því á hvern hátt sé æskilegast að nálgast börn sem þátttakendur til þess að tryggja að þau taki þátt af fúsum og frjálsum vilja (Fargas-Malet, M., McSherry D., Larkin. E. og Robinson. C., 2010). Sumir rannsakendur telja að nálgast eigi börnin fyrst og svo að fá leyfi foreldra þeirra. Einnig spilar inn í aldurskeið barna og hvaða skilning þau leggja í þann gjörning að gefa leyfi. Í þessari rannsókn voru þátttakendur allir 10 ára eða eldri og því líklegt að þeir skildu nokkurn veginn hvað fólst í þátttöku í þessari rannsókn. Einnig voru foreldrar hvattir til þess að tryggja að að börnin væru að gefa leyfið að

fúsum og frjálsum vilja áður en þeir gæfu rannsakendum leyfi til að hafa barnið þáttakanda í rannsókninni.

Við gerð viðtalsvísis var tekið tillit til aldurs, þroska og menningar þátttakenda. Rannsóknin er þeim takmörkunum háð að þátttakendur eru fáir, auk þess sem þeir voru ekki valdir með tilviljun úr hópi allra flóttabarna á Íslandi. Það er því er ekki hægt að yfirfæra niðurstöðurnar yfir á öll flóttabörn á Íslandi. Niðurstöðurnar gefa samt sem áður ákveðna mynd af aðstæðum flóttabarna og upplifun þeirra. Önnur takmörkun rannsóknarinnar er að þátttakendur rannsóknarinnar komu á mismunandi tíma til Íslands. Það er líklegt að ef lengra er liðið frá komuári muni þátttakendur ekki sum atriði sem spurt er út í og getur þetta skipt máli fyrir rannsóknina. Einnig verður að taka til greina að þátttakendur eru á mismunandi aldri hvað varðar vitsmuna og þroska. Skilningur þeirra á eigin reynslu er því í samræmi við aldur og þroska.

4. Niðurstöður

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Um er að ræða niðurstöður greiningar á innihaldi viðtalanna. Rannsakendur greindu fjögur þemu sem endurspegla þau atriði sem helst komu fram í viðtölum við þátttakendur: Nýja landið, skólinn, fjölskylda og félagsleg þátttaka og framtíðin.

4.1 Nýja landið

Flestum barnanna fannst erfitt að flytjast til Íslands, bæði vegna þess að þau söknuðu vina og nánustu ættingja og vegna þess hve miklar breytingar þau upplifðu við það að setjast að í nýju landi. Eitt barnanna lýsti upplifun sinni á þennan hátt:

„Mér finnst að kannski þá þurfti ég að byrja aftur uppá nýtt ... ég átti mína vini í X, þar átti ég vini, ég átti allt og svo þurfti ég að byrja allt uppá nýtt, kynnast öðru fólki.“

Veðurfarið er þáttur sem mörg barnanna komu inn á í frásögn sinni á hvað hafi verið erfiðast við að flytjast til Íslands. Flest barnanna koma frá sólríkum löndum og töluðu sum um að hafa fundist veðurfarið erfiðast. Nokkur höfðu aldrei upplifað snjó áður. Þá töluðu börnin um að þeim hafi fundist erfiðast að læra tungumálið og að sú upplifun að geta ekki tjáð sig hefði haft neikvæð áhrif á líðan þeirra í skólanum til að byrja með. Mörgum fannst eftir á að

hyggja að tungumálið hefði verið helsta hindrun í því hvernig þeim farnaðist við að mynda tengsl við íslenska jafnaldra. Öll börnin áttu það sameiginlegt að telja tungumálið einna mikilvægasta þáttinn í aðlögunarferlinu. Erfitt hafi verið að eignast vini vegna þess að þau gátu ekki tjáð sig og það hafði áhrif á áræðni þeirra í því að nálgast íslensk börn. Einnig töldu sum að lítil íslenskukunnátta hefði valdið því að íslensk börn hefðu lítinn áhuga á að kynnst þeim. Önnur töluðu um að hafa upplifað að íslensk börn litu á þau sem hluti af hópi innflytjenda fremur en einstaklinga og að þau nyttu ekki jafnarar virðingar á við íslensk börn sökum innflytjendastöðu sinnar. Flest töluðu um að í byrjun hefðu íslenskir jafnaldrar þeirra tekið vel á móti þeim í skólanum en sum barnanna fannst að jafnaldrarnir hafi ekki haft áhuga á að kynnst þeim betur. Þau hefðu eingöngu þótt spennandi í byrjun. Nokkur barnanna töldu þó að allt frá byrjun hefðu þau upplifað góðar móttökur frá íslenskum jafnöldrum sínum og eignuðust strax íslenska vini. Eitt barnanna lýsti þessari reynslu:

„Ég var bara mjög sátt með allt ... þetta var miklu meira en ég bjóst við ... bara miklu betra og ég bjóst ekki við svona góðum krökkum í skólanum og eitthvað svona ... ég var mjög hrædd við að byrja í skóla ... og svo bara hjálpuðu allir foreldrum og mér og svona ... við fengum bara mjög fína íbúð og allt var í henni og ég bjóst við að krakkarnir myndu stríða mér eitthvað ... en það gerðist ekki.“

Börnin lýstu öll yfir ánægju með móttöku skóla sinna og þann námslega og félagslega stuðning sem þau fengu frá kennurum sínum og öðru starfsfólki í flóttamannaverkefningu. Mörg barnanna nefndu einstaka kennara sem þeim fannst hafa reynst þeim vel og einnig mundu sum eftir stuðningsfjölskyldum Rauða krossins. Öll börnin höfðu fengið íslenskukennslu fyrsta árið og lýstu yfir ánægju með kennsluna. Stórum hluta viðmælendanna fannst að þegar þeir horfðu til baka þá hafi íslenskukennslan verið nægjanleg. Aðspurð hvort eitthvað hefði mátt vera með öðrum hætti hvað varðar íslenskukennsluna þá nefndu sum barnanna að þótt kennslan hafi verið nægileg þá hafi þau ekki tekið framförum í tungumálinu fyrr en þau voru látin fara inn í bekk með íslenskum börnum. Þá fyrst reyndi á að nota nýja tungumálið í samskiptum, bæði við kennara og jafnaldra. Sum nefndu einnig að á þessum tímamarki hafi þau farið að kynnst íslenskum jafnöldrum sínum nánar.

Flest barnanna sögðu að við komu til Íslands hafi þau farið í sama skóla og hin flóttabörnin í þeirra flóttamannahópi. Sum þessara barna fóru í sérstaka innflytjendadeild í skólanum. Nokkur höfðu farið í skóla í sínu heimahverfi og sögðu að öll flóttabörnin í þeirra flóttamannahópi hafi gert slíkt hið sama. Misjafnt var hvernig börnin upplifðu þessa skipulagningu á skólagöngunni þeirra fyrsta árið. Sum töluðu um að hafa fundið öryggi í því að vera með hinum flóttabörnunum í sama skóla vegna tungumálsins. Einnig töluðu nokkur barnanna um að hafa fundið öryggi í því að vera í sérstakri innflytjendadeild í skólanum og að þurfa ekki að eiga samskipti við íslenska jafnaldra alveg strax. Eitt barnið lýsti þessari reynslu svo:

„Það var bara mjög þægilegt að þú veist ... að læra bara tungumálið og ekki bara fara beint í einhvern krakkahóp og geta ekki sagt neitt og vera bara geðveikt útundan.“

Nokkur þeirra barna sem fóru í annan skóla en hin flóttabörnin í flóttamannahópnum þeirra höfðu átt erfitt félagslega því þau upplifðu sig einangruð vegna tungumálaerfiðleikanna. Aðspurt um hvað hefði verið erfiðast við að fara í annan skóla en hin flóttabörnin í flóttamannahópnum sagði eitt barnið:

“Fyrst og fremst ég kom aleinn ... og svo líka ég var, ég var ofboðslega feiminn að tala íslensku.”

Nokkur barnanna töluðu um hve sterkt þau hefðu upplifað hve örugg þau væru úti við miðað við hvernig þeim hefði liðið í heimalandi sínu. Öll börnin komu frá stríðshráðum löndum og höfðu upplifað mikil áföll og óöryggi um líf sitt og fjölskyldu. Sum höfðu verið á flótta í langan tíma og önnur í styttri tíma. Sú upplifun að þurfa ekki lengur að óttast um líf sit og sinna nánustu mátu mörg barnanna sem einn af kostum þess að búa á Íslandi. Eitt barnið lýsti upplifun sinni í þessum orðum:

“Hér getur maður gert bara hvað sem er og það er enginn í hættu úti á götu.”

Öll börnin tóku þátt í flóttamannaverkefni fyrsta árið á Íslandi og nutu þjónustu og stuðnings frá hendi sveitarfélagsins og Rauða krossinum sem hafði tekið á móti þeirra flóttamannahópi. Í viðtölunum var ekki spurt mikið út í þennan þátt en börnin voru þó spurð að því hvort þau minntust þess stuðnings sem þau og fjölskyldan fengu og hverjir hefðu komið að stuðningnum. Einnig voru þau spurð um hvað þeim hefði fundist um þjónustuna. Þó nokkur hluti barnanna lýsti yfir ánægju með þá aðstoð sem þau og fjölskyldur þeirra fengu fyrsta árið þótt ekki myndu þau eftir einstaka stofnunum eða einstaklingum sem komu frá þessum stofnunum. Það var helst að viðmælendur myndu eftir einstaka stuðningsfjölskyldum sem höfðu komið frá Rauða krossi Íslands og verkefnastjórum flóttamannaverkefnanna. Aðeins örfá barnanna sögðu fjölskyldu sína vera í sambandi við stuðningsfjölskyldur Rauða krossins. Nokkur börn tóku fram að fjölskyldur þeirra væru enn aðnjótandi stuðnings frá sveitarfélaginu vegna atvinnuleysis foreldranna.

4.2 Skólinn

Viðmælendurnir áttu að baki mismunandi langa skólagöngu í heimalandi sínu. Flest börnin áttu að baki brotna skólagöngu vegna þess að þau höfðu verið lengi á flótta ásamt fjölskyldu sinni eða búið í lengri tíma í flóttamannabúðum. Sum minntust lítið skólagöngunnar í heimalandinu vegna ungs aldurs er þau fluttust frá heimalandi. Nokkur barnanna töluðu um að finnast kröfur til náms og hegðunar í skóla í heimalandi meiri en á Íslandi. Eitt barnið taldi að íslenskir jafnaldrar sínir hegðuðu sér oft það illa í tímum að það væri erfitt að læra. Sum töluðu um að í heimalandinu nytu kennarar meiri virðingar á meðal barna en hér á landi. Nokkur töluðu um að hafa verið beitt líkamlegum refsingum í skóla í heimalandinu og upplifðu það sem mikinn kost að hér væri slíkum aðferðum ekki beitt.

Sum börnin töluðu um að hafa upplifað sig á undan íslenskum jafnöldrum sínum í stærðfræði þegar þau hófu námið hér. Þau minntust þó á að hafa samt ekki fengið annað námsefni en íslensku jafnaldrar þeirra og þurftu þess í stað að nema sama námsefni. Eins og fram hefur komið sögðust flest barnanna hafa farið í sama skóla og hin börnin í þeirra flóttamannahópi við komuna til landsins. Sum höfðu farið í sérstaka deild fyrir innflytjendur, eða svokallaðar móttökudeildir fyrir börn sem hafa annað móðurmál. Önnur höfðu farið ásamt öðrum börnum í sínum flóttamannahópi í mismunandi skóla í heimahverfi. Allir viðmælendurnir sögðust hafa fengið sérstaka íslenskukennslu fyrsta árið. Sum barnanna höfðu skipt um skóla strax eftir fyrsta árið á Íslandi og farið í skóla í sínu heimahverfi. Öll

Þessi sögðust hafa verið ánægð með að skipta um skóla. Önnur höfðu haldið áfram að vera í sama skóla þó að skólinn væri staðsettur í töluverðri fjarlægð frá heimili þeirra. Almennt ríkti mikil ánægja með skólagönguna hvað varðaði kennslu og viðmót kennara og annars starfsfólks skólans. Flestir viðmælendurnir voru sammála um að þeir gætu alltaf leitað til kennara síns þegar þeir þyrftu á að halda. Eitt barnanna lýsti þessu svona:

“Kennararnir eru bara mjög skilningsríkir og bara ... æðislegir ... ég er bara mjög heppin.”

Þrátt fyrir að fram hafi komið mikil ánægja með íslenskukennsluna í skólunum lýstu mörg barnanna því yfir að þau upplifðu sig enn óörugga í íslensku þegar kemur að náminu. Þetta átti sérstaklega við um eldri börnin. Einnig var töluvert um að viðmælendur upplifðu sig óörugga með samskipti við íslenska jafnaldra sína í skólanum en fjallað verður nánar um þessa niðurstöðu í næsta kafla. Þau börn sem áttu erfitt með námið vegna íslenskunnar minntust sérstaklega á erfiðleika þegar kemur að bóklegum fögum, fögum sem krefjast les- og hugtakaskilnings. Einhver sögðu að þeim gengi einna best í stærðfræði því þar reyndi ekki eins á lesskilning og í öðrum fögum í skólanum.

Það voru helst viðmælendur sem eru í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla sem minntust á erfiðleika í náminu enda þyngist námið í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla og þar reynir mun meira á tungumálakunnáttu þeirra. Einnig höfðu sum barnanna komið til Íslands á unglingsaldri og námið hafi því veist þeim afar erfitt frá byrjun. Eitt barnið sagðist hafa hætt námi sökum þessa og væri þess í staðinn að vinna. Hún sagðist telja að það væri mun betri kostur fyrir sig að vinna þar sem henni finndist hún vera að taka miklu meiri framförum í íslensku í vinnu heldur en í skólanum.

Flestir viðmælendanna töldu námið í skólanum töluverða áskorun burt séð frá því hvernig þeir mátu íslenskukunnáttu sína. Mörg barnanna sögðu að sér gengi vel í náminu þótt þau hafi þurft að leggja töluvert á sig. Misjafnt var hve lengi börnin höfðu búið á landinu, sum höfðu dvalið hér í örfá ár en önnur í mun lengri tíma. Flest þeirra sem voru í efri bekkjum grunnskóla eða framhaldsskóla sögðust eiga einna erfiðast með heimanámið. Ekkert þeirra sagðist fá aðstoð við heimanám og áttu sum í miklum erfiðleikum með námið og upplifðu sig óörugg með framtíð sína í námi. Nokkuð var um að þau börn sem áttu að baki stutta dvöl á landinu ræddu um hve erfitt væri að skilja kennarana í tímum og hve erfitt

kennararnir ættu með að skilja þau. Allir þeir viðmælendur sem gengu í grunnskóla kváðust vera í íþróttum og sundi í skólanum. Viðmælendur sem voru í framhaldsskóla voru flestir í íþróttum eingöngu. Flest barnanna sögðust mæta reglulega í sund og/eða íþróttir. Sumum fannst erfitt að venjast því að þurfa að mæta skólasund þar sem þau höfðu ekki verið vön skólasundi í sínu heimalandi og einnig kvaðst stór hluti barnanna hafa verið ósýndur við komu til landsins. Flestum fannst skemmtilegt í íþróttum í skólanum.

Yngri börnin sögðust fá aðstoð við heimanám í skólanum. Lítið var um að viðmælendur fengju aðstoð foreldra sinna við heimanám og að ástæðan fyrir því talin veik íslenskukunnátta foreldranna. Viðmælendur í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla sögðust sumir fara þá leið að notast við forrit á netinu eða tala við bekkjarfélaga sína á netinu þegar þeir þyrftu aðstoðar við í heimanáminu. Nær allir viðmælendurnir töluðu um að þótt foreldrar þeirra ættu erfitt með að hjálpa þeim með heimanámið þá sýndu foreldrarnir áhuga á náminu. Foreldrar fylgdust með því að þau sinntu heimalærdómi og mættu í skólann. Einnig voru flestir á því að foreldrar þeirra legðu áherslu að þeir færu í frekari nám. Yfirleitt voru foreldrarnir í sambandi við kennarana. Samskipti milli foreldra og kennara fóru fram í gegnum tölvupósta sem kennarar hefðu aðallega frumkvæði að og að einnig mættu foreldrar á foreldrafundi í skólanum. Aðeins einn viðmælandi sagði að foreldri hans mætti ekki á foreldrafundi og sagðist hann óska þess að foreldri hans sýndi skólagöngunni meiri áhuga.

Fram kom hjá nær öllum börnunum að foreldrar færu lítið á aðra viðburði í skólanum en hefðbundna foreldrafundi með umsjónarkennara. Nær allir viðmælendurnir sögðu foreldra sína nánast aldrei mæta á viðburði eins og bekkjarskemmtanir eða aðra viðburði sem foreldrum væri boðið á í skólanum og þar töldu þeir ástæðuna liggja í veikri stöðu foreldranna í íslensku. Einn viðmælandi sagðist telja að þótt að skólinn myndi útvega túlk fyrir foreldra sína þá myndu foreldrarnir ekki mæta á viðburði vegna feimni við þá athygli sem þeir myndu fá vegna viðveru túlksins.

Öll börnin sögðust álíta það mikilvægt að þeim tækist að viðhalda sínu móðurmáli. Ekkert barnanna sagðist fá skipulagða kennslu í móðurmáli sínu í skólanum né á öðrum vettvangi utan skólans. Einn viðmælandi sagðist fá kennslu í sínu móðurmáli vegna þess að hann væri með stuðningskennara sem talaði sama tungumál og hann. Aðspurð um stöðu í eigin móðurmáli sögðust öll börnin tala móðurmálið heima hjá sér og vera vel talandi í

móðurmálinu. Margir af þeim sem höfðu verið hér sem lengst sögðu færni sína í að skrifa og að lesa eigið tungumál hafa hrakað.

Flestum viðmælendanna leið vel í skólanum. Sum börnin sögðust eiga eingöngu íslenska vini, önnur áttu bæði vini af erlendum og íslenskum uppruna en algengast var að börnin ættu eingöngu vini af erlendum uppruna. Flest áttu vini bæði innan og utan skólans en algengt var að börnin umgengjust ekki sömu vinina eftir að skóla lyki á daginn. Niðurstöður viðtalanna leiða í ljós að viðmælendur voru misjafnlega sterkir félagslega í skólanum. Þótt flestum barnanna liði vel í skólanum þá fannst þeim á sama tíma erfitt að kynnast íslenskum jafnöldrum sínum náíð. Sú upplifun að vera utan hópsins er enn fremur sterk á meðal sumra þessara barna. Nokkrir sögðust hafa upplifað erfiðleika við að kynnast íslenskum jafnöldrum allt frá byrjun skólagöngu hér á landi. Sumum fannst þetta ástand þó eitthvað hafa breyst til batnaðar. Einn viðmælandinn lýsti þessu svona:

“Fyrst leið mér illa sko ... mjög illa ... núna hefur það aðeins breyst ... meiri skóli og maður þekkir meira og svona ... þannig að þetta er svona ... svolítið betra.”

Annar viðmælandi sagði:

“Mér finnst erfitt að kynnast krökkum enn þann dag í dag en samt ekki eins og í byrjun.”

Flest barnanna telja þá staðreynd að íslenska er þeirra annað tungumál vera þeim hindrun í samskiptum. Bæði upplifa börnin að samskiptin séu erfið vegna skilnings þeirra á tungumálinu og einnig taldi hluti þeirra að viðhorf íslenskra jafnaldra til þeirra sem innflytjendur gegni hlutverki. Einn viðmælandinn lýsti þessu viðhorfi svona:

“Krakkar voru svona eins og þú veist, meira með hinum þú veist, bara Íslendingar saman og þau voru ekki að opna sig svo mikið ... þú veist við útlendingana.”

Annar viðmælandi sagðist hafa fundist það óþægilegt að tala íslensku fyrir framan íslensk börn. Hún sagði:

”Mér finnst svolítið erfitt að koma bara á milli og segja ... að byrja að tala svo allir horfa á mig, því þau kannski svara eða svona, horfa eða eitthvað svona.”

Annar viðmælandi sagði:

”En hér hjá sumum krökkum þú veist, þá hef ég séð að það eru ... þú veist ... þau segja til dæmis: já hann er útlendingur, ég ætla ekki að vera með honum ... og gera alltaf grín og þannig.”

Eitt barnanna sem hafði verið í sama skóla frá upphafi og farið í sérstaka deild fyrir innflytjendur, móttökudeild fyrir börn sem tala annað tungumál en íslensku, taldi að flest börn í skólanum sem töluðu íslensku sem annað tungumál ættu erfitt með að komast inn í hópinn hjá íslenskum jafnöldrum sínum í skólanum og þá aðallega vegna neikvæðra viðhorfa íslenskra jafnaldra til þeirra. Barnið lýsti þessu svona:

”Þau eiga mjög erfitt með að segja fyrir framan þau (íslensku börnin) því þau (íslensku börnin) eru alltaf að gera grín og nöfnin líka.”

Nær öll börnin töldu að þau hefðu á einhverjum tímamarki frá því þau komu til Íslands verið strítt vegna uppruna síns eða færni í íslensku. Misjafnt var þó hvernig þau upplifðu stríðnina og hvaða áhrif þau teldu að stríðnin hefði haft á líðan þeirra. Sum barnanna töluðu um að hafa verið strítt fyrst til að byrja með og svo ekki lengur. Öðrum var strítt af og til en upplifðu slíkt sem góðlátlegt grín frá vinum, grín sem aðrir krakkar yrðu líka fyrir í skólanum. Lítil hópur taldi að frá fyrsta degi hefðu börn í skólanum komið vel fram við þau og að þau hefðu alderi upplifað stríðni. Eitt þessara barna sagðist hafa eignast vini strax við upphaf skólagöngu og að hann hafi síðar eignast marga íslenska vini sem hann ætti enn þann dag í dag. Hann lýsti upphafi skólagöngunnar svona:

”Ég lenti bara í svo skemmtilegum og góðum bekk ... þau gerðu það bara svo auðvelt fyrir mig, voru öll svo góð.”

Flestir þeirra barna sem var strítt vegna uppruna eða tungumálakunnáttu upplifðu stríðnina neikvætt og sögðust hafa liðið illa vegna hennar. Eitt barnanna sagði að henni hafi verið strítt mikið í þeim skóla sem hún fór í í byrjun og tengdi það við þá staðreynd að þar hafi hún verið í sérstakri deild fyrir innflytjendur. Þetta barn sagðist halda að það hefði vegið á móti sér að hafa verið í skóla þar sem væru margir innflytjendur því íslenskir jafnaldrar hennar hefðu þá litið á hana sem hluta af hópi frekar en einstakling. Hún sagði að þegar hún skipti yfir í skóla í sínu heimahverfi, þar sem voru nær engin börn af erlendum uppruna, hafi stríðninni hætt. Einn viðmælendanna sem sagðist allt frá upphafi hafa sætt stríðni sagði:

”Þetta var bara alltaf að gera grín ... þú veist, bara hvað ég væri brún, bara ekkert svona orð yfir því bara og hvað ég væri í ljótum fötum og eitthvað og hvað nestið mitt var öðruvísi en þeirra, en ég meina, ég gat ekki allt í einu verið með alveg eins nesti og föt”.

Fram kom hjá tveimur börnum sem höfðu upplifað stríðni á neikvæðan hátt að þau hefðu kosið að segja ekki kennurum eða foreldrum frá stríðninni. Annað þeirra sagði að þótt kennarar hefðu reynt að tala við hann um líðan hans þá hefði hann kosið að ræða ekki þessi mál.

4.3 Fjölskylda og félagsleg þáttaka

Fjölskyldugerð viðmælenda var mismunandi, sumir voru börn einstæðra foreldra og aðrir bjuggu hjá báðum foreldrum. Flest barnanna áttu systkini. Þegar spurt var um samveru með foreldrum og systkinum sögðust flest verja tíma með fjölskyldunni. Samvera fjölskyldunnar fólst meðal annars í að vera saman á matmálstímum, horfa á sjónvarpið og að versla saman. Sum barnanna töluðu um að samvera með fjölskyldu væri þeim mikilvæg og að þau hefðu vanist slíku í sínu heimalandi. Nokkur töldu að á Íslandi tíðkaðist í minna mæli að börn og foreldrar eyddu stundum saman. Samvera við fjölskylduna fólst einnig í því að hitta samlanda eða aðra sem töluðu sama tungumál. Fram kom hjá sumum börnunum að fjölskyldan væri trúuð og að samvera með fjölskyldu væri meðal annars falin í því að sækja viðburði tengda trúnni þar sem þeir hittu samlanda sína eða aðra sem væru

frá sama menningarheimi. Sum barnanna sögðu trúna gegna mikilvægu hlutverki í þeirra daglega lífi og að þau leituðu í trúna þegar þau söknuðu vina sinna og ættingja í heimalandi.

Niðurstöður viðtalanna leiddu í ljós að flest barnanna áttu í góðu sambandi við foreldra sína og sögðust flest þeirra eiga auðvelt með að ræða við foreldra sína. Einn viðmælandinn lýsti sambandi sínu við foreldra sína á þennan hátt:

”Mamma er eins og besta vinkona mín. Ég segi henni náttúrulega bara allt ... pabbi er kannski svona ... mjög mikið að vernda mig frá öllu og svona en við tölum samt mikið saman.”

Viðmælendur voru spurðir að því hvað þeim finndist best að gera þegar þeim liði illa og svöruðu flestir á þá leið að þeir leituðu helst í samveru með vinum eða færu út að leika sér frekar en að tala um líðan sína við forelda sína eða vini. Slíkt gerði þeim kleift að gleyma vanlíðaninni og hugsa um eitthvað annað. Hjá mörgum börnunum olli söknuður vina og ættingja í heimalandi þessari vanlíðan. Flest barnanna áttu vini utan skóla sem þau sögðust treysta og sem þau umgengust eftir skóla. Einhver vörðu þó frekar tíma með foreldrum og systkinum eftir skóla frekar en vinum.

Fram kom í viðtölunum við sum börnin sem voru á unglingsaldri að þau upplifðu þrýsting frá íslenskum jafnöldrum til að misnota áfengi og tóbak. Nokkur töluðu um að þau hefðu fjarlægst vini sína vegna þessa. Fram kom hjá sumum að litlir möguleikar væru á félagslífi fyrir unglinga hér á landi miðað við það sem þau hefðu verið vön í heimalandi sínu og að þau teldu veðurfarið hefta möguleika þeirra á félagslífi. Mörg höfðu vanist því að unglingar væru virkir þátttakendur í félagslífi fullorðinna og að möguleikar á að unglingar gætu hist utan heimilis væru mun meiri í heimalandi sökum betra veðurfars. Einn unglinganna talaði um hvað sér fyndist þreytandi fyrir sig og vini sína að þurfa að leita að stað til þess að hanga á þegar veðrið væri vont. Það væri lítið annað hægt að gera en að fara í kvikmyndahús eða hanga í verslunarsamsteypum Kringlunnar eða Smáralindar. Þessi unglingur sagðist hafa bæði vanist því að í sínu heimalandi væri fólk opið fyrir því að kynnast nýju fólki og að þar tíðkaðist einnig að unglingar og fullorðnir ættu tíma saman. Hún lýsti þessu svona:

”Það er meira félagslíf þar sem ég bjó ... miklu meira og fólk reynir að tala við mann og þannig ... það er kannski tungumálið”.

Nær öll börnin töluðu um að þurfa að túlka daglega fyrir foreldra sína. Ástæðan fyrir því var talin veik íslenskukunnátta foreldra. Aðeins eitt barnanna sagðist ekki þurfa að túlka fyrir foreldra sína vegna þess að það kæmi í hlutverk eldra systkinis. Þær aðstæður sem kröfðust þess að börnin túlkuðu fyrir foreldrana voru innkaup, þegar þurfti að eiga samskipti við stofnanir, símtöl og læknisheimsóknir. Börnin sögðust einnig túlka fyrir foreldra sína bréf og tölvupósta frá skólum og öðrum stofnunum í samfélaginu. Flest barnanna töldu að þetta hlutverk gagnvart foreldrum sínum hentaði þeim stundum illa og væri jafnvel þreytandi. Nokkur nefndu að þetta kæmi stundum í veg fyrir að þau gætu hitt vini sína eða gert það sem þá langaði til að gera. Eins og einn viðmælandi sagði:

”Já líka stundum er ég búin að plana að gera eitthvað með vinum mínum eða þú veist þannig og svo kemur mamma eitthvað, ... ég þarf að fara á fund og þú þarft að koma með mér og þá verð ég bara að fara með henni.”

Niðurstöður viðtalanna sýna að í flestum tilfellum sætta viðmælendur sig við að þurfa að túlka fyrir foreldra sína. Nokkur barnanna líta á þetta hlutverk sem sjálfsagða skyldu sína og sem jákvæða aðstoð við aðlögun foreldra að íslensku samfélagi. Eitt barnið talaði um að ef það væri eitthvað sem hann gæti breytt í lífi sínu í dag væri það að foreldrar hans lærðu íslensku. Nokkur barnanna töluðu um að finnast óþægilegt að túlka þegar efni samtalanna væri viðkvæmt eða erfitt fyrir foreldra. Niðurstöður viðtalanna leiddu í ljós að stundum tengjast fjárhagsaðstæður foreldra því að börnin þurfa að túlka fyrir foreldrana. Foreldrar greiða sjálfir fyrir túlkabjónustu í flestum tilvikum. Einnig kom fram hjá sumum af börnunum að foreldrum þeirra væri ekki boðin túlkabjónusta að fyrra bragði, t.d. þegar þeir panta tíma hjá lækni. Athygli vekur hve mörg barnanna tala um að túlka fyrir foreldra sína hjá læknum en samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga (Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997) eiga einstaklingar sem leita heilbrigðisþjónustu og sem tala annað tungumál en íslensku rétt á túlkabjónustu í heilbrigðiskerfinu, þeim að kostnaðarlausu.

Misjafnt var eftir börnunum í hve miklu sambandi þau voru við heimaland, ættingja og vini. Börn sem höfðu búið hvað lengst á Íslandi eða jafnvel komið ung að árum til Íslands virtust hafa minni tengsl við heimalandið en þau sem höfðu verið hér skemur, þrátt fyrir að foreldrar þeirra væru í góðum tengslum við ættingjana. Helst voru börnin í sambandi við nána vini sína frá heimalandi og áttu sum vini eða ættingja sem höfðu flust til annarra landa. Einnig voru mörg barnanna í reglulegu sambandi við móður- og föðurforeldra, en nokkuð var um að börnin minntust á hvað þau myndu lítið eftir lífi sínu í heimalandinu. Allir viðmælendurnir töluðu um að nota aðallega netið, þ.e. samskiptaforrit eins og MSN, Skype og jafnvel Facebook til þess að tala við ættingja og vini. Þá notuðust einhver einnig við heimasíma eða farsíma. Flest barnanna töldu það mikilvægt fyrir sig að viðhalda tengslum við vini og ættingja og sum höfðu uppi áform um að heimsækja heimalandið í framtíðinni.

Nokkrir hinna eldri viðmælenda stunduðu vinnu með skólanum. Ástæðan var gjarnan bág fjárhagsleg staða foreldra. Fram kom að foreldrar sumra viðmælendanna voru atvinnulausir og aðrir sögðu greiðslugetu foreldra vera verri eftir efnahagshrunið 2008 og því þyrftu þeir að vinna með skólanum.

Virgni í formlegu félagsstarfi utan skóla er dræm á meðal barnanna. Flest höfðu á fyrsta ári tekið þátt í formlegu tómskundastarfi en síðar hætt þátttöku. Örfá voru enn í tómskundastarfi og í öllum tilfellum var um að ræða íþróttir. Þrátt fyrir það hve fáir viðmælendur tækju þátt í formlegu félagsstarfi töldu flestir sig vera félagslega virka hvað varðar samveru með vinum og/eða fjölskyldu. Þau börn sem voru í formlegu tómskundastarfi höfðu í sumum tilfellum æft viðkomandi íþrótt í heimalandi sínu fyrir komuna til Íslands. Helsta ástæða þess að börnin voru ekki í formlegu tómskundastarfi var að þeim hefði veist erfitt að finna félagsstarf sem veki áhuga þeirra. Örfá sögðu hluta ástæðunnar liggja í bágri fjárhagsstöðu foreldra en töldu það þó ekki vera meginástæðuna fyrir því að þau hefðu ekki haldið áfram formlegu tómskundastarfi.

Viðmælendur upplifðu flestir að foreldrar fylgdust með því sem þeir gera á kvöldin og um helgar. Börnin sögðust telja að foreldrar þeirra vissu oftast hvar þau væru um helgar, með hverjum þau væru og einnig að foreldrarnir þeirra þekktu yfirleitt vini og vinkonur þeirra. Undantekningarlítið töldu viðmælendur að á milli þeirra og foreldra þeirra ríkti traust og náð samband. Í fæstum tilfellum þekktu foreldrarnir foreldra vina þeirra og ástæðan fyrir því sögðu viðmælendur vera bága íslenskukunnáttu foreldranna.

Spurt var um upplifun viðmælenda af eigin heilsu. Nær öll börnin töldu sig búa við góða heilsu og eiga auðvelt með svefn. Flest höfðu á einhverjum tímapunkti þurft að leita læknis en í litlu mæli og aldrei vegna alvarlegra veikinda. Eitt barnið sagðist nær daglega þjást af höfuðverk. Annað kvaðst telja að heilsa hans væri verri eftir komuna til Íslands. Hann væri oft með magaverk og hefði nokkrum sinnum leitað til skólahjúkrunarfræðings vegna þessa. Þegar talið barst að reynslu af heilbrigðisþjónustunni sagðist stór hluti barnanna hafa upplifað hana jákvætt. Nokkur nefndu að hér á landi þyrfti þó að fá lyfseðla fyrir öllu en í heimalandi hefði verið hægt að fá lyf án þess að framvísa lyfseðli. Eitt barnanna sagði að hér á landi væri heilbrigðisþjónusta mun betri en í heimalandinu, en í heimalandinu hefði heilbrigðisþjónusta verið nær engin. Eitt barn sagðist aldrei hafa leitað til læknis hér á landi.

Flestir viðmælendurnir voru stoltir af uppruna sínum og tungumáli og töldu mikilvægt að hafa möguleika á að viðhalda móðurmáli sínu og tengslum við heimalandið. Hjá flestum barnanna kom fram að þau teldu vini sína hafa áhuga á heimalandi sínu og uppruna en þó væri það misjafnt eftir vinum. Sumir vinanna höfðu áhuga á að vita hvernig orð eða setningar væru sagðar á móðurmáli og hvernig líf þeirra hafi verið í heimalandi. Þegar viðmælendur voru spurðir um hvernig þeir skilgreindu sjálfa sig, kom í ljós að fæst barnanna skilgreina sig sem Íslendinga. Flest tengja þjóðerni sitt við heimalandið en þau börn sem höfðu búið hér hvað lengst skilgreindu sig sem hluta af tveimur menningarheimum. Nokkur kváðust hafa litla trú á að þau yrðu nokkurn tímann hluti af íslensku samfélagi. Eitt þessarar barna sagði:

“Ég er og verð alltaf x inni í mér en ég get voða lítið upplifað mig sem íslensk-x þegar þú veist, maður verður að komast inn í hópinn og það er svo mikil pressa þannig.”

Merkja mátti á svörum yngri barnanna að þau hugsuðu lítið um hvernig þau upplifðu sig í íslensku samfélagi eða hvernig aðrir skilgreindu þau. Þessi þáttur virtist skipta yngri börnin minna máli en þau eldri og þar spilar aldurskeiðið að öllum líkindum inn í. Flest eldri barnanna upplifðu að aðrir sæju sig sem útlendinga og sumir töldu að komið væri öðruvísi fram við þá vegna þessa. Þetta var þó ekki algilt því í einhverjum tilvikum töldu viðmælendur að þau nyttu jafnmiklar virðingar og Íslendingar og upplifðu sem lítið væri á sig sem hluta af

hópnum. Eitt barnanna sagðist upplifa að skólinn gerði greinarmun á því hvernig tekið væri á stríðni gagnvart útlendingum og Íslendingum og að þar biðu útlendingar lægri hlut. Sum barnanna töluðu um að vilja að aðrir skilgreindu sig sem blöndu af tveimur heimum, þ.e. sem bæði x og sem Íslending.

4.4 Framtíðin

Þótt viðmælendum liði almennt vel á Íslandi og fyndist gott að búa hér á landi sáu þau ekki fyrir sér að búa á Íslandi í framtíðinni. Mörg barnanna sáu fyrir sér að vilja búa í öðru landi í framtíðinni þar sem móðurmálið er talað eða í landi þar sem menning er svipuð og í heimalandi eða þar sem möguleiki er á að tala önnur tungumál en íslensku, t.d. ensku. Sum sáu fyrir sér að vilja búa í landi þar sem ættingjar og vinir þeirra höfðu flust til. Sum vildu einnig búa í landi þar sem væri heitara loftslag. Nokkur barnanna sáu þó fyrir sér líf á Íslandi í framtíðinni:

“Mér finnst bara mjög fínt að búa á Íslandi, mér finnst æðislegt og ég bara elska það og myndi náttúrulega ekki vilja flytja”

Þeir viðmælendur sem sáu fyrir sér framtíð á Íslandi virtust yfirleitt vel staddir námslega og félagslega. Einn af þeim sagði:

“Ég myndi aldrei flytja aftur og ég bara er mjög ánægð að hafa komið hingað og kynnst öllu því frábæra fólki sem ég þekki núna ... og bara þetta ... þetta er bara himneskt.”

Samkvæmt niðurstöðum viðtalanna líta viðmælendurnir svo á að hér á landi sé almennt gott að búa og að þeir hafi góð tækifæri til þess að mennta sig og afla góðra tekna í framtíðinni. Flest barnanna sögðust stefna á nám í framtíðinni og höfðu áform um að fara í framhaldsskóla og/eða háskólanám. Menntun er í augum flestra lykill að góðri framtíð þótt þau sjái e.t.v. ekki fyrir sér framtíð hér á landi. Hugmyndin var að mennta sig hér, en flytja svo til annars lands að námi loknu. Aðspurð sögðu flest barnanna að foreldrar þeirra hefðu áhuga á að þau færu í áframhaldandi nám og nokkur sögðu að foreldrar þeirra styddu þau í hverju því sem þau tækju sér fyrir hendur í lífinu, hvort sem það væri nám eða að fara út á

vinnumarkaðinn. Þegar umræðan leiddist út í hvað fælist í góðu lífi voru gjarnan nefnd atriði eins og fjölskylda, vinir, menntun og heilsa ásamt nægum tekjum til að framfleyta sér. Fram kom hjá örfáum barnanna að þau væru óörugg um framtíð sína eftir grunnskóla og í þessum tilfellum var um að ræða börn sem áttu erfitt námslega m.a. vegna tungumálakunnáttu sinnar á íslensku.

Mat á eigin stöðu í íslensku vefst fyrir stórum hluta barnanna og virðist vera þáttur sem hefur áhrif á hvernig þau sjá fyrir sér framtíðina. Þótt sum upplifi sig hafa góð tæk á íslensku og séu t.a.m. námslega og félagslega vel stödd samkvæmt eigin mati sjá þau ekki fyrir sér framtíð hér á landi. Þótt viðmælendur líti á tungumálið sem lykil að aðlögun að íslensku samfélagi þá virðast tæk á tungumálinu ein og sér ekki nægileg forsenda til þess að sjá fyrir sér líf hér í framtíðinni. Eins og fram hefur komið þá skiptir viðhorf jafnaldra börnin miklu máli. Það skiptir máli að vera hluti af hópnum og að vera meðtekinn á eigin forsendum. Eitt barnanna talaði um að upplifa sig á milli tveggja menningarheima og lýsir upplifun sinni svona:

“Þau koma fram öðruvísi við mig en aðra krakka, en ég reyni að taka það ekki inná mig ... ég verð aldrei X í augum þeirra ef ég myndi flytja aftur tilbaka, heim, og verð aldrei íslensk í augum þeirra þú veist, hvort sem ég bý hérna í 100 ár eða 200 ár.”

Annað barn upplifði að hann myndi ekki eiga sömu möguleika á að uppfylla draum sinn um að vinna í ákveðinni atvinnugrein sökum hörundslitar síns þar sem hann teldi að í greinina væri aðallega ráðið fólk sem væri með dæmigert íslenskt útlit, „ljóshærð og bláeygt“ eins og hann orðaði það.

5. Samantekt og umræður

Markmið þessarar rannsóknar er að fá innsýn í líðan og félagslega stöðu flóttabarna á Íslandi. Í heild benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að færni í tungumálinu og viðhorf jafnaldra og samfélagsins sé þáttur sem skiptir börnin mestu máli í aðlögun að íslensku samfélagi. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að íslenska tungumálið er í augun barnanna lykill að jafnri þátttöku í íslensku samfélagi. Færni í íslensku hefur áhrif á velgengi þeirra í námi, tengslamyndun og möguleikum í framtíðinni. Athygli vekur að þótt flest

barnanna segi að sér líði almennt vel á Íslandi þá sjá þau ekki fyrir sér að vilja búa á Íslandi í framtíðinni. Flest barnanna líta svo á að hér sé gott tækifæri til þess að mennta sig og að menntun sé lykill að góðum lífsgæðum en sjá sig ekki endilega á Íslandi í framtíðinni. Flest barnanna telja námið erfitt, en almennt gengur börnunum vel í náminu og líður vel í skólanum. Einungis lítill hópur greindi frá því að eiga í miklum erfiðleikum með námið. Flest barnanna hafa uppi áætlanir um að mennta sig í framtíðinni. Börnin sögðust öll ánægð með þá kennslu og þann stuðning í íslensku sem þau fá í skólanum, en hafa verður þó í huga að þau hafa lítinn samburð. Fyrir flest þeirra er tungumálið ein mesta hindrun þeirra í náminu og gerir það að verkum að námið er erfitt. Þrátt fyrir það þá telur stór hluti sig tala og skilja íslensku ágætlega. Erfiðleikarnir liggja í lestrar- og skriftarskilningi, sérstaklega hjá eldri börnunum sem eru í efri bekkjum grunnskóla eða framhaldsskóla.

Undantekningarlítið eiga börnin vini. Stór hluti á aðallega vini af erlendum uppruna og í ljós kom að mörgum finnst erfitt að kynnast íslenskum jafnöldrum náíð. Þetta viðhorf virðist óháð því hvernig viðmælendur upplifa færni sína í að tala og skilja íslensku. Nokkur barnanna sögðust ekki upplifa sig sem „hluta af hópnum“ og örfá efuðust um að þau myndu nokkurn tíma upplifa sig sem hluta af íslensku samfélagi. Hluti hópsins hafði lent í því að vera strítt á einhverjum tímamarki frá komu til Íslands þótt misjafnt er hvernig börnin upplifa áhrif stríðninnar á líðan sína.

Ofangreindar niðurstöður endurspegla að mörgu leyti niðurstöður annarra rannsókna, bæði hérlendra og erlendra. Í rannsókn á íslenskum skólanemum af erlendum uppruna (Þóroddur Bjarnason, 2006) kemur fram að sjálfsmynd nema af erlendum uppruna er almennt verri en íslenskra jafnaldra þeirra og stór hluti lítur ekki á sig sem Íslendinga né áætla að búa á Íslandi í framtíðinni. Námsleg staða og félagsleg tengsl voru einnig almennt verri en hjá íslenskum jafnöldrum. Einnig voru þessi nemendur líklegri til að hafa upplifað einelti í skóla. Í niðurstöðum rannsóknarinnar er ályktað að veik félagsleg tengsl tengist tungumálaerfiðleikum barnanna og að þörf sé á að leita leiða til að minnka misrétti innan skólanna.

Leiða má að því líkum að tungumálafærni barnanna móti möguleika þeirra til félagslegra tengsla. Upplifun flóttabarna á viðhorfum jafnaldra til færni sinnar í tungumálinu og til stöðu sinnar sem innflytjendur eru aftur á móti þættir sem lítt hafa verið rannsakaðir hér á landi. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa vísbendingar um að viðhorf annarra hefur ekki síður áhrif á möguleika á félagstengslum en tungumálafærnin ein og sér. Einnig má

leiða að því líkum að þau blendnu viðhorf sem börnin báru til framtíðarinnar segi eitthvað til um líðan þeirra í íslensku samfélagi.

Gerðar hafa verið rannsóknir hér á landi sem gefa vísbendingar um að þörf sé á að skoða þátt viðhorfs samfélagsins í aðlögun innflytjenda. Þar má nefna rannsókn á viðhorfum ungmenna í 9. og 10. bekk grunnskóla til innflytjenda sem sýndi fram á að viðhorf urðu neikvæðari á milli árána 1997 og 2003 (Inga D. Sigfúsdóttir, Bryndís B. Ásgeirsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson og Jón Sigfússon, 2005). Nær helmingur þeirra þátttakenda sem tóku þátt í rannsókninni árið 2003 taldi of marga innflytjendur búa á Íslandi miðað við nær fjórðung árið 1997 (Inga D. Sigfúsdóttir o.fl., 2005). Í niðurstöðum rannsóknarinnar „Staða innflytjenda á erfiðleikatímum“ (Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berlind I. Hafsteinsdóttir, 2009) kom fram að meðal þess sem innflytjendur upplifa í íslensku samfélagi er „skortur á umburðarlyndi Íslendinga gagnvart öðrum tungumálum og því að tala íslensku með hreim“ (Hallfríður Þórarinsdóttir o.fl., 2009, bls. 97). Í niðurstöðum annarrar íslenskrar rannsóknar á viðhorfum kom fram að innflytjendur upplifa erfiðleika við að eignast vini af íslenskum uppruna (Hilda Jana Gísladóttir og Jóhann Ásmundsson, 2007). Í rannsókn sem ætlað var að kanna þátttöku innflytjendabarna í Breiðholti í Reykjavík í skipulögðu íþrótta- og tómsundastarfi og leita svara við ástæðu dræmrar þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómsundastarfi kom fram að innflytjendabörn í Breiðholti umgengust mest önnur innflytjendabörn og að nokkur þeirra höfðu orðið fyrir aðkasti vegna uppruna síns (Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008). Niðurstöður okkar rannsóknar benda til þess að viðhorf samfélagsins sé veigamikill þáttur í aðlögunarreynslu flóttabarna á Íslandi.

Erlendar rannsóknir á flóttabörnum hafa sýnt að viðhorfin í því samfélagi sem innflytjendabörn flytjast til gegna veigamiklu hlutverki í því hvernig börnin aðlagast nýja samfélaginu. Sú upplifun að vera ekki hluti af skólasamfélaginu og einstaklingur á eigin forsendum hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd flóttabarna (Fantino og Colak, 2001). Rannsókn á upplifun tyrkneskra stúlkna sem höfðu flust til annars menningarsvæðis í Tyrklandi ásamt foreldrum sínum leiddi í ljós að viðhorf jafnaldranna í skólanum til menningar þeirra og móðurmáls hafði neikvæð áhrif á líðan þeirra og sjálfsmynd (Altinyelken, 2001). Að mati stúlkanna byggðist sjálfstraust þeirra á því hvernig þeim tækist að mynda tengsl við jafnaldranna sína. Þær upplifðu að færni þeirra í nýja tungumálinu ásamt neikvæðum viðhorfum frá jafnöldrum til þeirra væri sá þáttur sem mótaði mest líðan þeirra í aðlögunarferlinu.

Niðurstöður okkar rannsókna gefa vísbendingar um að viðhorf annarra til færni flóttabarna í íslensku sé áhrifaþáttur í aðlögunarreynslu flóttabarna. Það er þörf á því að rannsaka betur þennan þátt í aðlögun flóttabarna og ekki síst hvaða áhrif hann hefur á líðan og mótun sjálfsmyndar flóttabarna. Mótun sjálfsmyndar flóttabarna stjórnast þó líklega einnig af öðrum þáttum, eins og t.d. þátttöku í skipulögðu íþrótt- og íþróttastarfi en þátttakendur í þessari rannsókn tóku fæstir þátt í skipulögðu félagsstarfi. Einnig eru foreldrar barnanna almennt í litlum tengslum við skóla barnanna en það er yfirleitt á vettvangi skólanna sem kynningar og upplýsingar um skipulagt íþrótt- og tómsundastarf fer fram. Rannsóknir hafa bent á tengsl tungumálaerfiðleika foreldra og veikra tengsla við skóla barna þeirra (Kristín E. Harðardóttir o.fl, 2005; Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008; Þóroddur Bjarnason, 2006). Viðmælendur þessarar rannsóknar meta það svo að tungumálaerfiðleikar foreldra þeirra sé ein af orsökum þess að foreldrar mæta ekki á aðra viðburði í skólanum fyrir utan hefðbundna foreldrafundi.

Rannsóknir hér á landi hafa sýnt fram á gildi félagstarfs þegar kemur að sjálfsmynd og líðan barna (Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson, Gunnar Valgeirsson og Rúnar Vilhjálmsson, 1990). Leiða má líkur að því að ein af meginástæðum þess að börnin í þessari rannsókn taka svo lítinn þátt í skipulögðu tómsunda- og félagsstarfi sé tungumálaerfiðleikar foreldra þeirra. Almennt er þátttaka innflytjendabarna á Íslandi lítil í slíku starfi og hefur það talist tengjast m.a tungumálaerfiðleikum foreldra þeirra (Erla Sigurlaug Sigurðardóttir, 2008; Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008; Þóroddur Bjarnason, 2006).

Rannsókn á skólanemum af erlendum uppruna (Þóroddur Bjarnason, 2006) sýndi fram á að tungumálafærni foreldra skipti sköpum til þess að forvarnarstarf nái til innflytjendafjölskyldna en niðurstöður þeirrar rannsóknar benti t.d. til þess að skólanemar af erlendum uppruna væru líklegri en íslenskir skólanemar til að neyta áfengis og fíkniefna. Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á mikilvægi félagslegrar þátttöku flóttabarna og innflytjendabarna (Fantino og Colak, 2001; Hallahan og Irizarry, 2008).

Til þess að börn og ungmenni hefji þátttöku í skipulögðu félagsstarfi þurfa þau hvatningu frá foreldum, en ef foreldrar eru lítið meðvitaðir um möguleikana sem fyrir hendi eru á félagsstarfi eða um gildi slíks starfs hafa þeir litlar forsendur til þess að hvetja börnin sín til þátttöku í félagsstarfi. Ástæðuna fyrir lítilli þátttöku viðmælenda í skipulögðu tómsunda- og íþróttastarfi rekja þeir til þess að hafa ekki enn fundið tómsundir við hæfi.

Þó má benda á að á fyrsta árinu á Íslandi höfðu flest barnanna farið í skipulagt íþrótta- og tómstundastarf á meðan á flóttamannaverkefninu stóð en flestir síðan hætt þátttöku. Það má velta því fyrir sér hvort þörf sé á því að tryggja eftirfylgd og stuðning með flóttabörnum eftir að flóttamannaverkefninum lýkur til þess að koma í veg fyrir brottfall úr félagsstarfi ásamt því að auðvelda aðgengi foreldra að íslenskukennslu en nám í íslensku fer yfirleitt fram á vinnutíma foreldra og er einnig kostnaðarsamt. Einnig er nauðsynlegt að skólar finni leiðir til þess að ná betur til foreldra flóttabarna.

Athygli vekur að sum barnanna sem ganga í framhaldsskóla tala um að námið sé það krefjandi að ekki veitist tími til tómstundastarfs og því hafi þau hætt þátttöku. Einnig var töluvert um að námið veittist þessum börnum erfitt. E.t.v. þarf að tryggja betur að flóttabörn í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla fái aðstoð með heimanám til þess að þau hafi jafna möguleika og önnur börn á að taka þátt í félagsstarfi og einnig til þess að bæta námslega stöðu þeirra. Mögulegt er að ástæða lítillar þátttöku í félagsstarfi liggja einnig í því að ekki er hefð í heimalandi fyrir tómstundastarfi utan heimilis. Almennt hafa þó börn af erlendum uppruna og foreldrar þeirra áhuga á þátttöku barnanna í slíku starfi þótt þau búi yfir lítilli þekkingu á þeim möguleikum sem eru til slíks starfs í nærsamfélaginu (Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008). Einnig ber að líta til þess að hugmyndir um velferð og þroska barna eru tengdar menningargildum. Í hinum vestræna heimi er skipulögð þátttaka barna í félagsstarfi metin mikils en í öðrum löndum er meiri hefð fyrir óformlegu félagsstarfi barna og þar tíðkast oft meiri samvera barna og fullorðinna en í vestrænum löndum (James og Prout, 1997). Niðurstöður okkar rannsóknar benda til að þátttakendur séu félagslega virkir þrátt fyrir litla þátttöku í skipulögðu félagslegu starfi. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að líta beri á fleiri þætti en tungumálakunnáttu og þekkingarleysi á úrræðum til tómstunda í leit að skýringum á almennt dræmri félagslegri þátttöku innflytjendabarna í skipulögðu starfi. Skoða má betur þátt viðhorfa jafnaldra til flóttabarna í þessu samhengi.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa einnig vísbendingu um hvernig fjölskyldutengslum er háttað í fjölskyldum flóttafólks hér á landi. Flest barnanna telja sig nána foreldrum sínum og verja gjarnan tíma í samveru með foreldrum sínum og systkinum. Flest tala um að foreldrar fylgist með þeim á kvöldin og um helgar. Einnig var það samdóma álit barnanna að foreldrarnir hafi áhuga á námi þeirra og fylgist með því. Flest voru á því að foreldrar þeirra hefðu áhuga á námi þeirra og hefðu áhuga á að þau færu í áframhaldandi nám. Aðrar

rannsóknir hafa einnig sýnt fram þá þennan metnað foreldra (Kristín E. Harðardóttir o.fl., 2005; Vala Jónsdóttir o.fl. 2009).

Athygli vekur að viðmælendur sögðu foreldra sína ekki mæta á aðra viðburði í skólanum en skyldubundna foreldrafundi vegna veikrar stöðu þeirra í íslensku. Þessi niðurstaða endurspeglar aðrar rannsóknir hér á landi sem sýnt hafa fram á að foreldrar innflytjendabarna eru almennt í litlum tengslum við skóla barnanna vegna tungumálaerfiðleika sinna (Kristín E. Harðardóttir o.fl., 2005; Vala Jónsdóttir o.fl. 2009). Í þessu samhengi má benda á að í viðhorfskönnun á meðal fullorðinna innflytjenda kom fram að stórum hluta innflytjenda finnst erfitt að nema íslensku og eiga almennt erfitt með að tjá sig á íslensku (Vala Jónsdóttir o.fl., 2009).

Flest barnanna eiga í reglulegum samskiptum við ættingja og vini í heimalandi og nota aðallega netið sem leið til samskipta. Það skiptir börnin máli að viðhalda eigin móðurmáli og tengslum við heimalandið. Athygli vekur að ekkert barnanna fær þó kennslu í eigin móðurmáli í skólanum eða utan skólans. Það virðist alfarið á ábyrgð þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra að viðhalda færni í móðurmálinu. Þessar niðurstöður endurspeglar niðurstöður annarrar rannsóknar á flóttamönnum (Kristín E. Harðardóttir o.fl., 2005). Einungis á fyrsta ári á Íslandi höfðu viðmælendur í þessari rannsókn fengið stuðning í móðurmálinu. Fjöl margar rannsóknir sýna fram á tengsl á milli færni í móðurmáli, sjálfsmyndar og námsárangurs (Elsa S. Jónsdóttir, 2007; Heller, 1987; Phinney, J.S., Romero, I, Nava, M. og Huang, D., 2001). Góður grunnur í móðurmáli er talinn af mörgum fræðimönnum vera sá þáttur sem helst mótar það hvernig flóttabörnum tekst að ná tökum á nýju tungumáli og er forsenda frekari náms.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að fæstir viðmælenda líta á sig sem Íslendinga heldur kenna sig frekar við sitt heimaland eða líta á sig sem blöndu tveggja þjóða. Þessar niðurstöður eru svipaðar niðurstöðum annarra rannsókna (Þóroddur Bjarnason, 2006). Flest börnin eru stolt af uppruna sínum. Þó kom fram sú sýn, hjá tveimur þeirra, að þau teldu sig tilheyra hvorugum menningarheiminum, hvorki heimalandi né Íslandi. Ljóst er að þörf er á því að styrkja móðurmálskennslu inni í skólum barnanna og einnig að stuðla að fjölmenningu innan skólanna þannig að meiri virðing sé borin fyrir mismunandi uppruna og menningu. Þannig mætti stuðla að því að flóttabörn hafi möguleika á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd sem byggist jafnt á etniskri sjálfsmynd og þeirri upplifun að þau séu hluti af íslensku samfélagi.

Það vekur athygli að allir viðmælendur nema einn túlka daglega fyrir foreldra sína og einnig upplifir hópur þeirra þetta hlutverk sem aukið álag í sínu daglega lífi. Flest barnanna líta þó á þetta hlutverk sem skyldu sína gagnvart foreldrum sínum. Þá má benda á að í frásögnum barnanna kom fram að þau þurfa að túlka fyrir foreldra sína hjá læknum en samkvæmt lögum eiga einstaklingar á Íslandi sem ekki tala íslensku sem fyrsta tungumál rétt á túlkapjónustu í heilbrigðiskerfinu þeim að kostnaðarlausu (Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997). Algengt er að börn flóttamanna gegni því hlutverki að vera milligönguaðilar á milli foreldra sinna og ýmissa stofnanna samfélagsins. Börnin eru einskonar lykill í aðlögun foreldra sinna að nýju samfélagi (Björnberg, 2006; Fantino og Colak, 2001). Þetta er ábyrgð sem almennt er talið að ekki sé æskilegt að börn axli. Þó má benda á að í mörgum löndum er hefð fyrir því að börn beri samábyrgð á verkum innan heimilisins, t.d. á heimilisverkum og umönnun foreldra (Evans, 2009). Það ber að varast að líta svo á að slík ábyrgð sé endilega neikvæð. Túlkun barna fyrir foreldra er t.d. mjög algengt fyrirbæri og niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að sumir viðmælendur líti á það hlutverk sem jákvætt. Vestræn hugmyndafræði skilgreinir börn sem saklausa og viðkvæma einstaklinga sem beri að vernda fyrir fullorðins ábyrgð (Evans, 2009). Ekki er einsýnt að sú ábyrgð að túlka fyrir foreldra sína hafi endilega neikvæð áhrif á þroska og líðan barna.

Ekki er óalgengt að flóttabörn þjáist af áfallastreitu. Birtingarmyndir streitunnar geta verið misjafnar, t.d. birst í svefnerfiðleikum, skapofsaköstum, depurð, kvíða og/eða þunglyndi (Fantino og Colak, 2001; Wiese og Burhorst, 2007). En fyrst og fremst er það umfang álagsþátta frekar en einn þáttur í aðlögun flóttabarna sem veldur streitu (Björnberg, 2006; Wiese og Burhorst, 2007). Það er mikilvægt að fagaðilar sem starfa með flóttabörnum hafi þetta í huga og einblíni ekki um of á einn þátt umfram annan. Frásagnir barnanna í þessari rannsókn benda ekki til þess að börnin þjáist af áfallastreitu en þó verður að benda á að ekki var lögð sérstök áhersla á það í rannsókninni að kanna áfallastreitu viðmælenda. Börnin töldu sig undantekningarlítið vera við góða heilsu. Lítið var um læknisheimsóknir og fjarvistir frá skóla vegna veikinda voru fáar. Flest töldu sig eiga auðvelt með svefn, en ein af birtingarmyndum vanlíðanar hjá börnum getur einmitt falist í svefntruflunum. Eingöngu tvö barnanna töluðu um að hafa verið talsvert frá skóla vegna veikinda. Annað þeirra kvaðst þjáðst daglega af höfuðverkjum og hitt sagðist oft finna til verkja í maga. Slík einkenni gætu tengst vanlíðan en bæði þessu börn áttu það sameiginlegt að búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Flestir viðmælendurnir sögðust almennt líða vel á Íslandi en hafa verður í huga að

þeir telja að framtíð þeirra liggi annars staðar en á Íslandi. Þetta gæti verið vísbending um neikvæða líðan þótt ekki sé hægt að fullyrða um það.

Flest barnanna leita í samveru með vinum eða taka sér fyrir hendur eitthvað sem þeim finnst skemmtilegt þegar þeim líður ekki vel. Þetta gerir þeim kleift að gleyma því hvernig þeim líður. Fram hefur komið að rannsóknir erlendis bendi til að félagsleg þátttaka og myndun vinatengsla skipti flóttabörn máli í aðlögun að nýju samfélagi (Hallahan og Irizarry, 2008). Þetta á sér samsvörun í okkar rannsókn að því leyti að viðmælendum finnst best að leita í samveru með vinum eða taka sér eitthvað fyrir hendur þegar þeim líður ekki vel fremur en að tala um líðan sína við foreldra eða aðra, þrátt fyrir að þau telja sig nána foreldrum sínum. Það hlýtur því að skipta máli í þessu samhengi að flóttabörn hafi aðgang að jafnöldrum og vinatengslum.

Að okkar mati er mikilvægt að stjórnvöld og sveitarfélög tryggi flóttabörnum stuðning og kennslu í móðurmáli. Að aðgengi foreldra flóttabarna að íslenskukennslu verði aukin og að skólar byggi upp menningu og umhverfi þar sem öll börn njóta jafnrar virðingar án tillits til uppruna þeirra. Þorin sé þar virðing fyrir mismunandi uppruna, menningu og fjölskyldugerðum. Einnig mælum við með því að flóttabörn í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla fái stuðning við heimanám. Skólar, félagasamtök og íþróttafélög þurfa að huga að leiðum til þess að ná til foreldra flóttabarna.

Í þessari rannsókn hafa verið sett fram sjónarhorn flóttabarna á líðan þeirra og félagslegri stöðu á Íslandi. Sú hugmynd að flóttabörn séu fljót að aðlagast eða sú hugmynd að þau séu brotnir einstaklingar vegna flóttatengdra áfalla endurspeglast hvorugar í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Niðurstöðurnar leiða fyrst og fremst í ljós að aðlögun flóttabarna er margþætt og flókin. Viðhorf samfélagsins skipta börnin mestu máli hvað varðar líðan þeirra og hvernig þau sjá fyrir sér framtíðina, en almennt telja börnin framtíð sína ekki liggja hér á landi. Vonast er til þess að niðurstöður rannsóknarinnar gefi tilefni til frekari rannsókna og að niðurstöðurnar geti nýst fagfólki sem vinnur með flóttabörnum. Ljóst er að frekari rannsókna er þörf á því hvernig flóttabörn takast á við aðlögun í nýju samfélagi og þá sérstaklega á þætti samfélagstengdra viðhorfa til flóttabarna.

6. Heimildaskrá

- Altinyelken, H. K. (2009). Migration and self-esteem: A qualitative study among internal migrant girls in Turkey. *Adolescence*, 44: 149-163.
- Berger, R. (2004). *Immigrant women tell their stories*. New York: The Haworth press.
- Barry, J.W. (2005). Acculturation: Living successfully in two cultures [rafræn útgáfa]. *International journal of intercultural relations*. 29, 697-712.
- Berk. L.E. (2004). *Development Through the Lifespan* (3.útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Björnberg, U. (2006). Asylum-seeking children's welfare, health and well-being: An outline for research. Unpublished paper at *The WELLCHI Network Conference 2*, March 31-April 1, 2006, Hamburg, 1-18.
- Erla S. Jónsdóttir. (2007). Sjálfsmynd í fjölmennningarlegu samfélagi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa S. Jónsdóttir og Magnús Þ. Bernharðsson (ritstj.) *Fjölmennning á Íslandi (bls.77-98)*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Erla S. Sigurðardóttir. (2008). *Þjónusta Hafnafjarðar við börn innflytjenda: Íþróttir og Tímstundir*. Hafnafjarðarbær.
- Errante, A. (1997). Close to home: comparative perspectives on childhood and community violence. *American Journal of Education*, 105: 355-401.
- Esterberg, K., G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGrawHill companies inc.
- Evans, R. (2009). Young caregiving and HIV in the UK: caring relationships and mobilities in African migrant families. *Population, Space and Place*, n/a. doi: 10.1002/psp.583.
- Fantino, A.M. og Colak, A. (2001). Refugee children in Canada: Searching for identity. *Child Welfare*, 80 (5): 587-596.
- Fargas-Malet. M, McSherry D. Larkin. E. og Robinson. C. (2010). Research with children: methodological issues and innovative techniques. *Journal of Early Childhood Research*, 8: 175 – 192.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (e.d.a). *Flóttafólk: Móttaka og aðstoð*. Sótt 25.apríl 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/flottafoolk/mottaka/>.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar um aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi*. Sótt 20. febrúar 2010 af http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf

- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Sótt April 10, 2010 af http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf.
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. (e.d.a). 2009 *Global Trends: Refugees, Asylum-seekers, Returnees, Internally Displaced and Stateless Persons*. Sótt 20. ágúst 2010 af <http://www.unhcr.org/4c11f0be9.html>
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. (e.d.b.). *Children*. Sótt 20. ágúst 2010 af <http://www.unhcr.org/pages/49c3646c1e8.html>.
- Furoto, S.B.C.L. (2004). Theoretical Perspectives for Culturally Competent Practice with Immigrant Children and Families. Í R. Fong (Ritsj.). *Culturally Competent Practice with Immigrant and Refugee Children and Families* (bls. 19-38). New York: The Guilford Press.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Innflytjendur og erlendum bakgrunnur 1. janúar 2010*. Sótt 12. desember 2010 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=5032>,
- Hall, I. og Hall, D. (2004). *Evaluation and social research, introducing small-scale practice*. Hampshire: Palgrave Macmillan.
- Hallahan, L. og Irizarry C. (2008). Fun Days Out: Normalising social experiences for refugee children. *Journal of Family Studies*, 14 (1): 124-130.
- Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berlind I. Hafsteinsdóttir. (2009). *Staða innflytjenda á erfiðleikatímum: raddir og viðhorf*. Reykjavík: Mirra.
- Heller. (1987). The role in formation of ethnic identity. Í J. S. Phinney og M.J Rotheram Ritstj.) *Children's ethnic socialisation* (bls. 180 -200). London: Sage Publications.
- Hildur J. Gísladóttir og Jóhann Ásmundsson. (2007). *Könnun á stöðu innflytjenda á Norðurlandi*. Akureyri: Rauði Kross Íslands.
- Inga D. Sigfúsdóttir, Bryndís B. Ásgeirsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson og Jón Sigfússon. (2005). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi*. Reykjavík: Rannsókn og greining.
- James A. og Prout, A. (ritstjórar) (1997). *Constructing and Reconstructing Childhood: Contemporary Issues in the Sociological Study of Childhood*. London: The Falmer Press.
- Jastram, K. og Ashiron, M. (2001). *Refugee protection: A guide to international refugee law*. Geneva: UNHCR, IPU.
- Kristín E. Harðardóttir, Heiður H. Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2005). *Reynsla og viðhorf Flóttamanna á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Laurson, E. K. (2002). Seven habits of reclaiming relationships. *Reclaiming Children and Youth*, 11(1):10-14.

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997

Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.a.). *Flóttamenn og haelisleitendur*. Sótt 20. ágúst 2010 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/flottamenn-og-haelisleitendur>.

Merriam-Webster OnLine. (e.d.). *Dictionary*. Sótt 5. maí 2010 af <http://www.m-w.com/dictionary/>.

Phinney, J.S., Romero, I, Nava, M. og Huang, D. (2001.) The role of language, parents and peers in ethnic identity among adolescents in immigrant families. *Journal of youth and adolescence*, 30(2): 135-153.

Pope, A.W., McHale, S.M., Craighead, W.E. (1988). *Self-esteem enhancement with children and adolescents*. Oxford: Pergamom Press.

Rauði kross Ísland. (e.d.a). *Hverjir teljast flóttamenn?* Sótt 10. apríl 2010 af <http://redcross.is/id/1000340>

Rutter, J. (2003). *Supporting Refugee Children in 21st Century Britain: A Compendium of Essential Information*. London: Open University Press.

Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson. (1992): The Integrative and Physiological Effects of Sport Participation: A Study of Adolescents. *The Sociological Quarterly* 33(4): 637-647.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánisdóttir (ritstjórar), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í félagsvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Skytte, M. (2007). *Etniske minoritetsfamilier og sosialt arbejde* (3. útgáfa). Kaupmannahöfn:Hans Reitzels Forlag.

Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir. (2008). *Innan vallar eða utan*. Reykjavík: Mirra.

Svendsen, G. (2001). *Traumatiserede flygtninge og social arbejde*. Sótt 6. mars 2008 af <http://www.flygtning.dk/fileadmin/uploads/pdf/Materialer/traumesoc.pdf>

Unnur Dís Skaptadóttir. (2003)^a. Mótun margbreytileikans á tímum hnattvæðingar. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 441-449). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2003)^b. Vestfirsk fjölmening, um menningarlega fjölbreytni í sjávarþorpum. *Ársrit sögufélags Ísfirðinga*, 43, 311-322.

Vala Jónsdóttir, Kristín E. Harðardóttir og Ragna B. Garðarsdóttir (2009). *Innflytjendur á Íslandi: Viðhorfskönnun*. Félagsvísindastofnun Íslands.

- Watters, C. (2008). *Refugee Children: Towards the Next Horizon*. New York: Routledge.
- Wiese, E.B.P. og Burhorst, I. (2007). The mental health of asylum-seeking and refugee children and adolescents attending a clinic in the Netherlands. *Transcultural Psychiatry*, 44 (4): 596-613.
- Yeigidis, B. L. og Weinbach, R. W. (2009). *Research methods for social workers*. Boston: Allyn and Bacon.
- Þóroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Reykjavík: Rannsóknir í félagsvísindum VII: 391-400.
- Þórólfur Þórlindsson, Gunnar Valgeirsson og Rúnar Vilhjálmsson. (1990). Sport Participation and Perceived Health Status: A Study of Adolescents. *Social Science & Medicine* 31(5): 551-556.
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Viðauki 1

Viðtalsvísir

1. Hver er námsleg staða barnanna og íslenskukunnátta?
 - a. Í hvaða skóla ertu?
 - b. Varstu í skóla með hinum börnunum í flóttamannahópnum?
 - i. Ef nei, hvernig fannst þér það?
 - ii. Ef já, hvernig fannst þér það?
 - iii. Hafði það áhrif á möguleikana á að eignast ísl. vini utan flóttab.hópsins?
 - c. Hvernig fannst þér kennararnir og krakkarnir taka þér þegar þú byrjaðir í skólanum?
 - d. Hvernig líður þér í skólanum?
 - e. Finnst þér munur á skólanum hér og í þínu heimalandi?
 - f. Hversu vel eða illa gengur þér að skilja og tjá þig á íslensku?
 - g. Mundirðu vilja fá meiri aðstoð í skólanum við að læra íslensku?
 - i. Hvað með aðstoð almennt?
 - h. Talið þið og kennarinn þinn saman?
 - i. Hvernig finnst þér þú standa þig almennt í náminu?
 - j. Hvað er auðveldast og hvað er erfiðast í skólanum?
 - k. Hvernig gengur þér að læra heima?
 - l. Færðu hjálp frá foreldrum þínum eða öðrum við að læra heima?
 - m. Fylgjast foreldrar þínir með því hvort þú stundar námið?

- n. Eru foreldrar þínir í sambandi við kennara þína?
 - o. Hvernig finnst þér sund og leikfimi?
 - i. Mætirðu alltaf?
 - ii. Af hverju mætirðu ekki eða illa?
 - iii. Var sund og leikfimi í skólanum í þínu heimalandi?
 - r. Kvíðir þú einhvern tímann fyrir því að mæta í skólann?
 - i. Ef já þá af hverju?
 - s. Hvernig líkar þér við krakkana í bekknum?
 - t. Finnst þér þú verða fyrir stríðni í skólanum í meira mæli en aðrir krakkar?
 - u. Finnst þér vinir þínir eða krakkar í skólanum koma öðruvísi fram við þig en aðra?
 - v. Vinnurðu með skólanum?
 - i. Finnst þér það koma niður á náminu?
 - w. Hvað langar þig að gera þegar þú ert búin með grunnskóla/framhaldsskóla?
 - x. Hvað vilja foreldrar þínir að þú gerir eftir að grunnskóla/framhaldsskóla lýkur?
2. Hver er félagsleg staða og virkni flóttabarnanna? Vinir, tómstundir, samfélagið.
- a. Átti vini í skólanum
 - b. Með hvaða vinum ertu utan skóla?
 - i. Haðan eru vinir þínir?

- ii. Koma þeir oft í heimsókn til þín?
- iii. Ef nei, af hverju ekki?
- c. Þekkja foreldrar þínir vini þína?
- d. Fylgjast foreldrar þínir með því hvar þú ert um helgar og á kvöldin?
- e. Ertu í einhverjum tómstundum?
 - i. Ef já í hvaða tómstundum?
 - ii. Ef nei, er einhver sérstök ástæða fyrir því að þú ert ekki í tómstundum?

3. Fjölskyldutengsl

- a. Hvað gerið þið fjölskyldan saman?
- b. Hvernig er sambandið á milli þín og foreldra þinna?
- c. Talið þið saman?
- d. Hvaða tungumál er talað/eru töluð heima hjá þér?
- e. Er erfitt að skipta á milli tungumála?
- f. Þarftu stundum að túlka fyrir foreldra þína?
 - i. Ef já, hvernig finnst þér það?
- g. Hversu mikilvægt er fyrir þig að viðhalda tungumálinu þínu?
 - i. En fyrir foreldra þína?

4. Flutningsferlið

- a. Nú var fólk að hjálpa ykkur fjölskyldunni með ýmislegt fyrsta árið, manstu hverjir þetta voru? (ekki nefna stofnanir eða nöfn)

- b. Ert þú eða fjölskyldan enn í sambandi við eitthvað af þessu fólki og þá við hverja?
- c. Þegar þú horfir til baka finnst þér þú hafa fengið næga hjálp? (unglingahópurinn)?
 - i. Ef já, hvað hefði mátt vera betra?
- d. Hvað fannst þér skemmtilegast og hvað erfiðast við að flytjast til Íslands?
- e. Hvað kom þér helst á óvart hér á landi?
- f. Hvað finnst þér best að gera þegar þér líður ekki vel (t.d. tala við einhvern eða gera eitthvað annað)?
- g. Hvernig finnst þér að búa á Íslandi?

5. Tengsl við heimaland, menning og móðurmál

- a. Segðu mér aðeins frá heimalandinu þínu..
- b. Við hverja ertu mest í sambandi við í heimalandinu?
- c. Hvernig hefurðu samband við þá og hve oft?
- d. Er daglegt líf heima hjá þér eitthvað öðruvísi en t.d. hjá íslenskum krökkum?
- e. Er fjölskyldan þín trúuð, t.d. sækir kirkju eða viðheldur venjum sem eiga sér rætur í trúnni? (unglingaspurning)
- f. Hvernig sérðu sjálfan þig, þ.e. sem -neskur, Íslendingur eða bæði? (unglingasp.)
 - i. Hafa vinir þínir áhuga á að vita um hvernig lífið er í þínu heimalandi?

- ii. Hvernig sjá vinir þínir þig?
- iii. Skiptir máli hvernig þeir sjá þig?

6. Almenn heilsa

- a. Hversu auðvelt áttu með að sofa?
- b. Verðurðu stundum veik/veikur?
 - a. Hvað gerirðu þá? (er heima, leitar lækni ... annað)
 - i. Hvernig veikindi?
 - ii. Er eitthvað öðruvísi að verða veikur í heimalandi þínu en hér (heilbr.þjónustan, viðbrögð skóla t.d.)
 - iii. Er skólahjúkrunarfræðingur í skólanum?Leitarðu til skólahjúkrunarfræðings eða lækni þegar þér er illt?

7. Hvaða þættir eru mikilvægir fyrir þig að hafa til staðar í lífi þínu þegar þú horfir í framtíðina (t.d. góðar tekjur, húsnæði, menntun, fjölskylda?)? (unglingsp.)
- a. Hvar langar þig helst að búa í framtíðinni?
 - b. Ef þú gætir breytt einhverju í lífi þínu í dag hverju myndir þú breyta?

Viðauki 2

Bréf til foreldra

Reykjavík, xx apríl 2009

Kæri viðtakandi.

Um þessar mundir er Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) að gera rannsókn meðal barna sem komu sem flóttamenn til Íslands á árunum 2001-2008. Tekin verða viðtöl við börn undir 18 ára en markmið rannsóknarinnar er að kanna afdrif, félagslega stöðu og líðan barnanna. Ætlunin er að niðurstöður rannsóknarinnar geti m.a. nýst fagfólki sem er að vinna með flóttabörnum. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd ber ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar og hefur rannsóknin verið tilkynnt til Persónuverndar.

Sonur þinn/dóttir þín hefur lent í úrtaki rannsóknarinnar og er þetta bréf sent í kjölfar þess að tengiliður í rannsókninni hjá X hafði samband við þig á dögnum og bað um leyfi fyrir því að þetta bréf yrði sent til þín. Á næstu dögum verður hringt í þig þar sem óskað verður eftir leyfi þínu fyrir þátttöku sonar þíns/dóttur þinnar og fundinn verður tími fyrir viðtalið. Áætlað er að viðtalið standi yfir í um klukkustund, og verður túlkur viðstaddur ef þess þarf.

Syni þínum/dóttur þinni er ekki skylt að taka þátt í rannsókninni né svara öllum þeim spurningum sem koma fram í viðtalinu. Farið verður með öll gögn samkvæmt fyrirmælum Persónuverndar og mun nafn ykkar hvergi koma fram við úrvinnslu rannsóknarinnar.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum er þér velkomið að hafa samband við Heiðu B. Vigfúsdóttur, verkefnisstjóra Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (s. 525-5200, rbf@hi.is) eða Guðbjörgu Ottósdóttur, félagsráðgjafa (s. 865-3390, bubbus@simnet.is).

Virðingarfyllst,

f.h. Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd

Heiða Björk Vigfúsdóttir

Guðbjörg Ottósdóttir

Viðauki 3

Upplýst samþykki

Dagsetning

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) stendur að rannsókn meðal barna sem komu sem flóttamenn til Íslands á árunum 2001 til 2008. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna félagslega stöðu og líðan flóttabarna. Markmiðið er m.a. að niðurstöður rannsóknarinnar verði notaðar sem leiðbeiningar fyrir fagfólk sem er að vinna með flóttabörnum og fjölskyldum þeirra. Rannsóknin verður unnin vorið 2010. Áætlað er að skýrsla með niðurstöðum rannsóknarinnar verði gefin út haustið 2010. Ábyrgðaraðili rannsóknarinnar er Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd netfang rbf@hi.is og sími 525-5200.

Mér hefur verið kynnt ofangreind rannsókn og er mér ljóst að markmið hennar er að kanna félagslega stöðu og líðan flóttabarna sem hafa komið til Íslands. Þátttaka barns míns felur í sér að tekið verður við það um það bil klukkustundar langt viðtal. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð orðrétt og hafa rannsakendur einir aðgang að gögnunum, sem verður eytt að rannsókn lokinni.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og verður nafnleyndar og trúnaðar gætt við vinnslu hennar og í lokahandriti skýrslunnar.

Upplýst samþykki er í tvíriti og heldur forsjáaraðila þátttakenda öðru þeirra, en þeim verður ásamt öðrum gögnum eytt að rannsókn lokinni.

Með undirskrift minni gef ég leyfi fyrir því að barnið mitt, sem ekki er orðið sjálfráða, taki þátt í þessari rannsókn. Einnig er mér ljóst hvað í þátttökunni felst, ásamt rétti mínum til að stöðva þátttöku barns míns í rannsókninni á hvaða stigi sem er. Barni mínu er heimilt að neita að svara einstökum spurningum eða ræða einstök efnisatriði.

Ég undirrituð/undirritaður lýsi því hér með yfir að barni mínu er heimilt að taka þátt í þeirri rannsókn sem um ræðir, án greiðslu eða umbunar.

Undirskrift forsjáaraðili þátttakenda

Undirskrift rannsakanda á vegum

Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd

Um ritröðina

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, RBF, gefur út þessa ritröð í samstarfi við Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf, *Ís-Forsa*.

Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf, *Ís-Forsa*, er félag þeirra sem vilja styðja við og efla rannsóknir í félagsráðgjöf. Félagið var stofnað árið 2002 en áður höfðu verið stofnuð sambærileg samtök, FORSA (forskning i socialt arbete), á öllum Norðurlöndunum um rannsóknir í félagsráðgjöf.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, RBF, var stofnuð vorið 2006. Markmið þess er að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum um málefni fjölskyldna. Meðal hlutverka þess er að miðla vísindalegri þekkingu um félagsráðgjöf og kynna niðurstöður rannsókna með útgáfu fræðilegs efnis.

Markmiðið með útgáfu ritraðarinnar er að skapa vettvang á Íslandi til að gefa út lengri fræðilegar ritsmíðar um efni á sviði félagsráðgjafar sem ekki henta til birtingar í tímaritum eins og *Tímariti félagsráðgjafa* eða í fréttablöðum fagfélaga. Hlutverk ritraðarinnar er þannig að miðla faglegri þekkingu sem hefur vísindalegt og hagnýtt gildi fyrir félagsráðgjafa og þá sem starfa á skyldum sviðum og sem annars yrði e.t.v. ekki birt. Hér er skapaður vettvangur til að birta afrakstur rannsókna í félagsráðgjöf sem ekki er tilbúinn til endanlegrar útgáfu eða verk sem eru enn í vinnslu (working papers), skýrslur um verkefni og styttri útgáfur valdra námsritgerða. Fyrirmyndir að slíkum ritröðum er að finna hjá rannsóknastofnunum, í útgáfu fagtímarita og á vegum fagfélaga í félagsráðgjöf í nágrannalöndunum.

Áskrift

Gert er ráð fyrir að ritröðin komi út eftir því sem efni berst og að hvert rit geti verið mismunandi að lengd. Þannig verður líka upplag og verð hvers rits ákveðið um leið og það kemur út. Útgáfa nýs heftis verður kynnt á heimasíðum RBF og *Ís-Forsa* og auglýsing send Félagsráðgjafafélagi Íslands. Þeir sem vilja gerast áskrifendur eru beðnir um að senda tölvupóst á heimasíðu RBF þar sem nafn greiðanda, kennitala og heimilisfang er tilgreint og verður þeim þá sent ritið í pósti ásamt gíróseðli.

Ritstjórn

Ritstjóri ritraðarinnar er Sigrún Júlíusdóttir. Ritstjórn er hjá framkvæmdanefnd RBF og fulltrúa stjórnar *Ís-Forsa*.

Til höfunda

Efni sem höfundar óska eftir að fá birt skal senda verkefnisstjóra RBF. Handriti skal skilað fullbúnu hvað snertir málfar, yfirlestur og frágang. Það á að vera í A-4 umbroti, með 12 punkta letri og heimildaskrá skal vera eftir APA kerfinu. Handritið skal hafa forsíðu með heiti, undirheiti, nafni höfundar og tímasetningu.

